

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B73-78

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 73-78

Nr. 586-619

2005

Efnisyfirlit B 73–78 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
586	15. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1289
587	14. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1290
588	14. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 559, 7. júní 2005, um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar	1290
589	16. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 424, 27. apríl 2005, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2005	1290-1291
590	20. júní	Reglugerð um fjárvörslureikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna	1292-1294
591	20. júní	Auglýsing um ökutækjatrýggingar	1295
592	20. júní	Reglugerð um starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara	1295-1297
593	16. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Borg	1297
594	20. júní	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	1297-1298
595	22. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	1299
596	16. júní	Reglugerð um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala	1299-1301
597	14. júní	Reglugerð um framtal og skil á olfugjaldi	1302-1303
598	22. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Urriðaholt	1303
599	14. júní	Reglugerð um öikumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds	1304-1307
600	10. júní	Reglur um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands	1308
601	23. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	1309
602	23. júní	Reglugerð um skilyrði undanþágu frá greiðslu olfugjalds	1309-1311
603	23. júní	Auglýsing um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ	1311-1312
604	24. júní	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1312
605	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	1313
606	24. júní	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum úti fyrir Austfjörðum	1313-1314
607	24. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum	1314
608	16. júní	Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana	1315
609	16. júní	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	1315-1316

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2005

15. júní 2005

1289

Nr. 586

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Blesugróf.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Blesugróf.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Dalbrautarreitir.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Naustareitur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 18. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna Vesturgötu 6-10a og Tryggvagötu 18.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 23, 29, 31 og 33.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsfulltrúinn í Reykjavík, þann 27. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar að Borgartúni 23, 29, 31 og 33.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bíldshöfði 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 25. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Artúnshöfða - iðnaðarsvæði vegna Bíldshöfða 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 15. júní 2005.

Margrét Þormar, skipulagsfulltrúi e.u.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Sléttuvegur, lóð III.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 10. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar, lóð III.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 14. júní 2005.

Margrét Þormar, skipulagsfulltrúi e.u.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 559, 7. júní 2005, um vigtun og skráningu meðafla við kolmunnaveiðar.

1. gr.

Í stað orðanna „20. júní 2005“ í 4. gr. reglugerðarinnar komi: 4. júlí 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 61, 24. maí 2005, um breytingar á lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. júní 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 424, 27. apríl 2005, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2005.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum. Aðeins skal 8 færeyskum skipum heimilt að stunda síldveiðar samtímis í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. júní 2005.

F. h. r.

Pórður Eypórsson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 2005

Nr. 590

1292

20. júní 2005

REGLUGERÐ

um fjárvörslureikninga váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Váttryggingamiðlari eða váttryggingaumboðsmaður sem tekur að sér að varðveita fé fyrir viðskiptamenn sína, skal halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin fé. Honum er jafnframt skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um vörslufé svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Orðskýringar.

Reglugerð þessi tekur til váttryggingamiðlara sem fengið hafa útgefið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins til váttryggingamiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga og váttryggingaumboðsmanna sem skráðir hafa verið hjá váttryggingafélagi skv. 39. gr. sömu laga.

3. gr.

Aðgreining fjármuna.

Váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanni er skylt að halda þeim fjármunum, sem tekið er við í þágu annarra, aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum fjárvörslureikningi.

II. KAFLI

Vörslufé.

4. gr.

Viðskiptareikningur vegna vörslufjár.

Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður, sem varðveita fé viðskiptamanna sinna, skulu færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýni inneign viðskiptamannsins á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem váttryggingamiðlari eða

vátryggingaumboðsmaður tekur við til varðveislu vegna miðlunar vátrygginga. Ekki er skylt að færa á reikninginn fé, sem tekið er við og skilað samdægurs.

Þá skulu vátryggingamiðlari og vátryggingaumboðsmaður færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra viðskiptamanna á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra viðskiptamanna.

5. gr.

Fjárvörslureikningur í viðskiptabanka eða sparisjóði.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns, skal varðveitt á sérstöku bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Ef vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður er jafnframt viðskiptabanki eða sparisjóður skal þeim heimilt að stofna sjálfir slíka fjárvörslureikninga. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns og stendur innstæðan á honum utan skuldaraðar við skipti á búi hans. Hið sama á við ef starfsemi vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns er rekin í nafni félags.

6. gr.

Sérstakar reglur um fjárvörslureikninga.

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins, er eftirlitið metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- a. Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmann eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum viðskiptamönnum hans.
- b. Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyriræmum frá vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanni. Skulu slík fyriræmi varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun með sama hætti og bókhaldsgögn.
- c. Banka eða sparisjóði er skylt að senda Fjármálaeftirlitinu staðfest yfirlit um stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem Fjármálaeftirlitið kallar eftir slíku yfirliti.
- d. Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að Fjármálaeftirlitið stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir.

7. gr.

Skylda til að leggja fé á fjárvörslureikning.

Vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður skal þegar eftir að hann hefur móttekið fjármuni frá viðskiptamanni sínum eða öðrum, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu skv. 4. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

8. gr.

Heimild til greiðslu af fjárvörslureikningi.

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a. Fé greiðist til viðskiptamanns eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd samkvæmt skriflegri heimild þar um;
- b. Vátryggingamiðlari eða vátryggingaumboðsmaður á fé hjá viðskiptamanni sínum vegna gjaldfallins endurgjalds eða útlagðs kostnaðar samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c. Rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

9. gr.

Skylda til að stemma af reikninga.

Vátryggingamiðlari og vátryggingaumboðsmaður skulu á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skulu þeir bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga viðskiptamanna samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns samkvæmt fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna að fjárvörslureikningur í banka og bókhaldi hafi verið stemmdur af, skal vátryggingamiðlari og vátryggingaumboðsmaður varðveita með sama hætti og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Yfirlýsing til Fjármálaeftirlitsins.

Vátryggingamiðlari skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningnum skal ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

Vátryggingaumboðsmaður og/eða það vátryggingafélag sem hann starfar fyrir skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningnum skal ekki vera lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 22. gr. og 2. mgr. 44. gr. laga um miðlun vátrygginga, nr. 32 frá 11. maí 2005, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um ökutækjatrýggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 4. mgr. 91. gr. skuli vera 1.502 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 250 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, með síðari breytingum, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 113 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 392 frá 27. maí 2003, er 218.000 krónur fyrir einstakling og 1 milljón kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu samkvæmt 3. másl. 3. mgr. 4. gr. er 54.000 krónur.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.
Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 547 frá 4. júlí 2003.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

1. gr.

Orðskýringar.

Með orðinu váttryggingamiðlari í reglugerð þessari er átt við einstaklinga eða lögaðila sem fengið hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 9. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

2. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Váttryggingamiðlurum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum váttryggingamiðlara eða þeirra sem starfa á hans ábyrgð.

Ábyrgðartrygging skal tekin hjá váttryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að leggja fram samsvarandi tryggingu í stað váttryggingar enda veiti hún sambærilega vernd að mati Fjármálaeftirlitsins.

Vátryggingamiðlari skal senda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endurnýjun starfs-ábyrgðartryggingar.

3. gr.

Vátryggingarfjárhæðir.

Ábyrgðartrygging skal tekin til eins árs í senn og nema minnst 80 milljónum króna vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á vátryggingartímabilinu. Heildarfjárhæð vátryggingarbóta innan hvers tímabils skal nema minnst 120 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu miðast við vísitölu neysluverðs og skulu taka breytingum á fimm ára fresti í fyrsta skipti 1. janúar 2008, í samræmi við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem birt er af Hagstofu Íslands frá gildinu 117,7 og breytingar á opinberu viðmiðunargengi evru, miðað við grunnengi 80 kr.

4. gr.

Landfræðilegt gildissvið vátryggingar.

Ábyrgðartrygging samkvæmt 3. gr. skal taka til starfsemi vátryggingamiðlara hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr.

Eigin áhætta. Endurkröfuréttur.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingartaka í vátryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi vátryggingafélags, eða annars sem veitt hefur tryggingu.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingaskilmálum, eða skilmálum annarrar tryggingar. Um hana og tilgreiningu hennar fer að öðru leyti samkvæmt þeim reglum, sem gilda um vátryggingarsamninga.

Sá er veitt hefur vátryggingu og greitt bætur á endurkröfurétt á hendur þeim, sem valdið hefur tjóni ef hann hefur valdið því með háttsemi, sem telst stórkostlegt gáleysi.

6. gr.

Brottfall vátryggingar.

Falli ábyrgðartrygging úr gildi, skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingartaka og Fjármálaeftirlitinu þegar í stað. Vátryggingatímabili telst ekki lokið fyrr en liðnir eru 14 dagar frá því að slík tilkynning var send með sannanlegum hætti. Að þeim tíma liðnum telst starfsleyfi vátryggingamiðlara fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi ábyrgðartrygging hafi verið fengin.

7. gr.

Kynning vátryggingarskilmála.

Skilmálar ábyrgðartryggingar samkvæmt reglugerð þessari skulu látnir Fjármálaeftirlitinu í té áður en þeir eru boðnir vátryggingamiðlurum.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga um miðlun vátrygginga, nr. 32 frá 11. maí 2005, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 352/1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátrygging sem vátryggingamiðlari hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu til 1. júlí 2005. Frá þeim degi skulu ábyrgðartryggingar vátryggingamiðlara sem fengið hafa starfsleyfi vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Vátryggingamiðlari skal afhenda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á starfsábyrgðartryggingu.

Viðskiptaráðuneytinu, 20. júní 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Borg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að svæði fyrir íbúðarbyggð á Borg í Grímsnesi stækkar úr u.þ.b. 2 ha í 5 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.184.1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. júní 2005 deiliskipulag reits 1.184.1, sem afmarkast af Spítalastíg, Óðinsgötu, Bjargarstíg og Bergstaðastræti.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vagnhöfði 9-21 og Dverghöfði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi vegna Vagnhöfða 9-21 og Dverghöfða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. júní 2005.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, skipulagsfulltrúi e.u.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2005

22. júní 2005

1299

Nr. 595

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

1.600 í 10. tl. 2. gr. verði 1.800.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

16. júní 2005

Nr. 596

REGLUGERÐ

um eftirlitsnefnd Félags fasteignasala.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Staða og skipun.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er sjálfstæð stjórnáslunefnd, sem í reglugerð þessari er kölluð eftirlitsnefnd. Eftirlitsnefnd starfar í tengslum við Félag fasteignasala.

Dómsmálaráðherra skipar þrjá nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn.

2. gr.

Samráð við Félag fasteignasala.

Eftirlitsnefnd skal í starfi sínu leita álits Félags fasteignasala a.m.k. árlega um hvar einkum sé þörf úrbóta í starfsemi fasteignasala.

Gutenberg

Eftirlitsnefnd skal a.m.k. árlega gera stjórn Félags fasteignasala munnlega grein fyrir starfi sínu undangengið ár. Nefndin skal þó ekki upplýsa um einstök mál, ef það fer í bága við þagnarskyldu nefndarmanna eða starfsmanns nefndarinnar.

3. gr.

Orðskýringar.

Þegar í reglugerð þessari er talað um fasteignasala, er einnig átt við þá sem annast sölu fyrirtækja og skipa.

Þegar talað er um fasteignasölu, kaup eða sölu fasteigna eða önnur viðskipti með þær, er einnig átt við fyrirtækja- og skipasölu og önnur viðskipti með slíkar eignir.

4. gr.

Almennt um málsmeðferð hjá eftirlitsnefnd.

Um meðferð mála fyrir eftirlitsnefnd er lúta að áminningu eða tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum.

Áður en til tímabundinnar sviptingar löggildingar kemur skal eftirlitsnefnd gefa fasteignasala kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Nú er þess ekki kostur þegar litið er til þess hve brýnt er vegna hagsmuna viðskiptamanna að stöðva starfsemi fasteignasala, vegna alvarleika brots eða það hefur sjáanlega enga þýðingu og skal þá nefndin svipta fasteignasala löggildingu tímabundið, án tillits til þess hvort hann hafi getað komið sjónarmiðum sínum að.

Um málsmeðferð að öðru leyti skal eftirlitsnefnd leitast við að rannsaka mál, svo sem kostur er, gefa málsaðila kost á því að gæta hagsmuna sinna eftir því sem þörf er á og við verður komið og vanda að öðru leyti vinnu við úrlausn máls eins og unnt er miðað við aðstæður og nauðsyn þess að niðurstaða liggi fyrir án tafar.

II. KAFLI

Kostnaður af starfi eftirlitsnefndar.

5. gr.

Eftirlitsgjald.

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald eins og það er ákveðið í lögum, sem rennur til eftirlitsnefndar til að standa straum af kostnaði við störf hennar. Fjárhæð gjaldsins miðast við heilt almanaksár.

Nú fær fasteignasali löggildingu eftir 1. janúar og skal þá eftirlitsgjaldið vegna þess árs lækka hlutfallslega.

Nú hættir fasteignasali störfum, eða er sviptur löggildingu, á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júlí og skal hann þá greiða eftirlitsgjald í hlutfalli við starfstíma sinn sem fasteignasali á því ári.

Nú fær fasteignasali löggildingu eftir 1. júlí og skal þá gjalddagi eftirlitsgjalds vera tveimur mánuðum eftir veitingu löggildingar, þó aldrei síðar en 1. janúar næsta ár.

Nú hefur fasteignasali greitt eftirlitsgjald en hættir störfum á því ári eða er sviptur löggildingu og á hann þá ekki rétt til endurgreiðslu gjaldsins eða hluta þess.

III. KAFLI.
Hlutverk eftirlitsnefndar.

6. gr.

Almennt hlutverk.

Eftirlitsnefnd hefur eftirlit með því að fasteignasalar starfi í samræmi við fyrirmæli laga og reglugerða, siðareglur Félags fasteignasala og góðar venjur í fasteignasölu.

Eftirlitsnefnd fer einnig með eftirlit með hæstaréttar- og héraðsdómslögmonnum, sem fengið hafa löggildingu sem fasteignasalar, að því leyti sem þeir annast fasteignasölu.

7. gr.

Almennt um framkvæmd eftirlits.

Við eftirlit sitt, hvort sem það er reglubundið eftirlit eða skoðun án eða af gefnu tilefni, skal nefndin framkvæma þær athuganir á bókhaldi og skjölum fasteignasala sem tengjast rekstri hans eða einstökum málum, sem hún telur þörf á til þess að meta hvort starfsemi hans samrýmist lögum, siðareglum Félags fasteignasala og góðum venjum í greininni.

Nú telur eftirlitsnefnd einsýnt við athugun sína, að starfsemi fasteignasala sé í svo góðu horfi, að ítarlegri rannsókn á einstökum þáttum í starfsemi hans sé með öllu óþörf og getur þá nefndin lokið athugun sinni við svo búíð.

8. gr.

Eftirlit með einstökum þáttum í starfsemi fasteignasala.

Eftirlitsnefnd er heimilt að afla upplýsinga um einstaka þætti í starfsemi fasteignasala hjá fyrirtækjum og stofnunum. Hún getur m.a. aflað upplýsinga hjá váttryggingafélögum um starfsábyrgðartryggingar fasteignasala, hjá bönkum og sparisjóðum um fjárvörslureikninga fasteignasala og hjá fyrirtækjaskrá um eignarhald að félögum sem reka fasteignasölu. Skulu þessir aðilar veita nefndinni þær upplýsingar, sem hún óskar eftir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í g-lið 26. gr. laga nr. 99 frá 9. júní 2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirlitsgjald frá 1. október til 31. desember 2004 skal vera fjórðungur af árlegu eftirlitsgjaldi. Gjald dagi þess var 1. janúar 2005, en eindagi er 1. ágúst 2005 og skulu engin viðurlög bætast við gjaldið ef greitt er fyrir þann tíma.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um framtal og skil á olúgjaldi.

1. gr.

Uppgjörstímabil og gjalddagi.

Uppgjörstímabil olúgjalds er einn mánuður. Gjalddagi er fimmtándi dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

2. gr.

Olúgjaldsskýrslur.

Gjaldskyldir aðilar sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skulu ótilkvaddir gera grein fyrir því olúgjaldi sem þeim ber að standa skil á, ásamt upplýsingum um magn gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar olúu á uppgjörstímabilinu, á sérstökum olúgjaldsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður nánar efni og form olúgjaldsskýrslunnar.

Sé um að ræða leiðréttingu á áður ákvörðuðu olúgjaldi skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Olúgjaldsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni eða ríkisskattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið um olúgjaldsskylda veltu að ræða.

3. gr.

Aðrar upplýsingar gjaldskylds aðila.

Til viðbótar því sem olúgjaldsskýrslur skv. 2. gr. gefa tilefni til skal gjaldskyldur aðili sem hlotið hefur skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um skil hans á olúgjaldi. Einnig er gjaldskyldum aðila skylt að láta ríkisskattstjóra í té, í því formi sem óskað er, nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á olúgjaldsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

4. gr.

Fullnægjandi skil á olúgjaldi.

Það teljast fullnægjandi skil á olúgjaldi ef:

1. Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga. Greiðsla á grundvelli raf-rænna greiðslufyrimæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrimælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.
2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn olúgjalds eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á olúgjaldsskýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans.

5. gr.

Viðurlagaákvæði.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. reglugerðar þessarar varða við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 2005.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Urriðaholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Nýtt verslunar- og þjónustusvæði (U-1) verður við Reykjanesbraut á svæði þar sem áður var annars vegar óbyggt svæði með bæjarvernd/hverfisvernd (G-3) og hins vegar tvö svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota og M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði).
- Austan Urriðavatns að Elliðavatnsvegi og tengivegi við Reykjanesbraut (Urriðaholt) verður svæði með blandaðri landnotkun (U-3: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæði) þar sem áður voru annars vegar þrjú svæði með blandaðri landnotkun (Ú-6: miðsvæði og opið svæði til sérstakra nota, M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði og ÍB-26: íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir) og hins vegar óbyggt svæði efst á Urriðaholtinu.
- Svæði norðan tengivegar milli Reykjanesbrautar og Elliðavatnsvegar breytist úr svæði með blandaðri landnotkun (M-5: íbúðarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og miðsvæði) í verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir (U-2).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds.

I. KAFLI

Ökumælar, verkstæði o.fl.

1. gr.

Ökutæki, sem greiða skal kílómetragjald af skv. 13. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skulu vera búin ökumælum til ákvörðunar kílómetragjalds. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal á eigin kostnað láta setja ökumæli í ökutæki sitt. Hann ber ábyrgð á að ökumælir telji rétt. Hann skal sjá til þess að allar tengingar milli aflrásar og ökumælis séu innsiglaðar.

Einungis er heimilt að nota ökumæla sem samþykktir hafa verið af Vegagerðinni, að undangenginni prófun faggilts verkstæðis.

Heimilt er að skrá ökumæli bifreiðar sem dregur eftirvagn, fyrir bæði bifreiðina og eftirvagninn. Ákvarðar ökumælirinn þá akstur bifreiðar og eftirvagns og er ekki skylt að setja ökumæli í eftirvagninn.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökutækið sé útbúið ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntrygган hátt.

2. gr.

Ef skylt er að búa ökutæki ökurita skv. reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldar tíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum og þeim EBE-gerðum sem vísað er til þar, skal ökuritinn notaður sem ökumælir, sbr. 1. gr.

Ef ökutæki er búíð ökurita, án þess að það sé skylt skv. reglugerð nr. 136/1995, skal eiganda eða umráðamanni þó heimilt að nota ökuritann sem ökumæli, enda sé hann innsiglaður. Heimilt er að nota ökurita enda þótt hann hafi ekki hlotið tilskilda viðurkenningu fyrrgreindrar reglugerðar ef hann er innsiglaður.

Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skv. 1. mgr. er ökumanni skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum eða ökuritakort (rafrænn ökuriti), þar sem skráðar eru upplýsingar um akstur ökutækis. Um notkun ökuritans, ökuritakorta og skráningarblaða hans skulu að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum og ákvæði þeirra EBE-gerða sem þar er vísað til.

3. gr.

Ísetning, úrtaka og viðgerð ökumæla er óheimil öðrum verkstæðum en þeim sem hafa hlotið faggildingu Neytendastofu, sbr. reglugerð nr. 572/1995, um prófun á ökuritum og reglugerð nr. 41/1996, um starfsemi verkstæða með B-faggildingu til prófunar á ökuritum.

Þó skal verkstæðum sem ekki hafa hlotið faggildingu heimilt að taka úr og setja í ökumæla að undangenginni heimild frá Vegagerðinni.

Viðgerðir og breytingar á teljara í ökumæli má einungis framkvæma hjá faggiltu verkstæði.

4. gr.

Verkstæði, sem setur ökumæli í ökutæki samkvæmt reglugerð þessari, skal skrá eftirfarandi upplýsingar í akstursbók, sem ríkisskattstjóri gefur út:

- a. Skráningarnúmer ökutækis.
- b. Nafn og heimilisfang eiganda.
- c. Nafn og heimilisfang umráðamanns.

- d. Gerð ökumælis og númer.
- e. Stærð hjólbarða á því hjóli eða hjólum, sem ökumælir er knúinn af.
- f. Drifhlutfall, margfeldi eða kvörðunarstuðul ökumælis.
- g. Hvar og hvenær ökumælir var settur í ökutækið.
- h. Nafn og heimilisfang þess verkstæðis, sem setti ökumælinn í bifreiðina.
- i. Stöðu ökumælis.

Verkstæðið skal senda tilkynningu til Vegagerðarinnar um að ökumælir hafi verið settur í bifreiðina og stöðu ökumælis á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

5. gr.

Áður en nýr ökumælir eða ökumælir sem gert hefur verið við er tekinn til notkunar skal hann prófaður af ísetningaraðila er staðfesta skal í akstursbók að mælirinn telji rétt.

6. gr.

Ökumælar skulu settir í og innsiglaðir eftir reglum sem ríkisskattstjóri setur í samráði við Vegagerðina.

7. gr.

Verkstæðum sem hlotið hafa faggildingu og þeim sem veitt hefur verið heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla skulu afhentar sérstakar innsiglistangir til að innsigla ökumæla.

Merki á innsiglistöngum skal vera með bókstöfunum ÍS, þemur tölustöfum og merki samkvæmt nánari fyrirmælum Vegagerðarinnar. Innsiglistöngin skal marka skýrt merki á innsiglið. Óheimilt er að nota innsiglistangir með annars konar innsiglum.

Vegagerðin annast afhendingu innsiglistanga og heldur skrá yfir ábyrgðarmenn þeirra. Glatist eða skemmist innsiglistöng skal Vegagerðinni þegar gert viðvart.

8. gr.

Ef verkstæði eða aðrir þeir sem hafa heimild til að innsigla ökumæla verða uppvísir að misnotkun með innsiglistangir eða brjóta á annan hátt gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu þeir sviptir innsiglistöngum og heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla.

9. gr.

Ef verkstæði þarf að taka ökumæli úr til viðgerðar, skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Ef nýr ökumælir er settur í stað hins bilaða eða breyting hefur orðið á stöðu ökumælis í viðgerð, skal lesið af ökumæli og álestur tilkynntur til Vegagerðarinnar á þar til gerðu eyðublaði. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki og er þá heimilt að fenginni heimild Vegagerðarinnar að aka án ökumælis gegn greiðslu dagsgjalds. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur, verði því komið við samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum.

10. gr.

Verkstæðum, sem ekki hefur verið veitt heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla, sbr. 3. gr., er heimilt að rjúfa innsigli ökumæla, ef það er nauðsynlegt vegna viðgerðar á ökutæki. Verkstæði skal skrá í akstursbók ökutækisins stöðu ökumælis, ástæðu þess að rjúfa þurfti innsigli, hvaða dag innsigli var rofið, hvaða dag viðgerð var lokið og nafn verkstæðis, auk þess sem viðgerðarmaður skal rita nafn sitt til staðfestingar á fyrrgreindri skráningu. Eig-

anda eða umráðamanni er skylt að láta verkstæði er heimild hefur til ísetningar og úrtöku öikumæla, sbr. 3. gr., eða Vegagerðina innsigla öikumæli þegar að lokinni viðgerð. Ef breyting verður á stöðu öikumælis skal færa ökutækið til álestraraðila og láta lesa af öikumælinum.

II. KAFLI

Álestraraðilar.

11. gr.

Álestraraðilar eru skoðunarstöðvar, sem fjármálaráðuneytið hefur samið við um að annast álestur, Vegagerðin og aðrir aðilar sem falið hefur verið að annast álestur.

12. gr.

Álestur telst því aðeins hafa farið fram að mætt hafi verið með ökutæki til álestraraðila. Að öðrum kosti er álestraraðila óheimilt að skrá álestur í álestrarskrá öikumæla.

13. gr.

Aðili sem annast álestur skal óska eftir því við öikumann að hann framvísi akstursbók. Álestraraðili skal lesa af kílómetrastöðu ökurita eða öikumælis og hraðamælis og skrá hana í akstursbókina. Í álestrarskrá öikumæla skal álestraraðili skrá stöðu öikumælis eða ökurita.

Álestraraðili skal við álestur ökutækis athuga:

- a. hvort akstur hafi verið færður réttilega í akstursbók,
- b. hvort skráningu í akstursbók beri saman við akstur samkvæmt ökurita eða öikumæli og hraðamæli,
- c. hvort öikumælir hafi verið óvirkur eða talið of lítið,
- d. hvort innsigli hafi verið rofið og
- e. önnur þau atriði sem upp eru talin í 16. gr.

Ef akstursbók er ekki framvísað við álestur eða ef einhverjum af framangreindum atriðum er áfátt, skal álestraraðili fylla út skýrslu sbr. 17. gr.

Ökumaður skal aðstoða álestraraðila og eftirlitsmenn við álestur öikumælis með því m.a. að losa hlífar frá öikumæli og hreinsa til umhverfis öikumæli svo hann verði aðgengilegur. Ökumaður skal jafnframt, verði þess óskað, aka ökutækinu svo hægt sé að ganga úr skugga um að öikumælir telji rétt.

14. gr.

Við árlega skoðun ökutækis skal skoðunarmaður athuga þau atriði sem um getur í 1. mgr. 13. gr. Komi í ljós við árlega skoðun ökutækis að einhverju af framangreindum atriðum er áfátt skal skoðunarmaður fylla út skýrslu sbr. 17. gr.

Komi í ljós við aðalskoðun að kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi hefur ekki verið greitt skal skoðunarstöð neita um skoðun á ökutækinu og tilkynna lögreglu um það þegar í stað. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið kílómetragjald fyrr en eftir eindaga.

Hafi kílómetragjald ekki verið greitt á eindaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Óheimilt er að afhenda eiganda eða umráðamanni skráningarmerkin fyrr en kílómetragjald hefur verið greitt af ökutækinu.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af öikumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Óheimilt er að skípa út ökutæki sem er gjaldskylt nema sannað sé að kílómetragjald hafi verið greitt.

III. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Hlutverk eftirlitsmanna er að kanna hvort mælabúnaður gjaldskyldra ökutækja, skráning ökumanna á akstri og skráning ökutækisins í ökutækjaskrá sé í samræmi við lög og reglur sem slíkt grundvallast á.

16. gr.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla og lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. Eftirlitsmönnum er þannig heimilt að:

- a. mæla heildarþyngd ökutækis og bera hana saman við gjaldþyngd ökutækis,
- b. kanna hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir telji rétt,
- c. kanna skráningarskírteini ökutækis og skráningarblöð ökurita,
- d. kanna hvort akstur hafi verið réttilega færður í akstursbók,
- e. kanna hvort innsigli hafi verið rofið,
- f. kanna hvort ökumælir og ísetning eru í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Eftirlitsmönnum er heimilt að kanna starfsemi verkstæða er hafa heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla skv. 3. gr. og athuga hvort þau fullnægi skilyrðum sem þeim eru sett samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara til álestraraðila og fylgjast með álestri og kanna hvort álestraraðili fari að þeim reglum sem settar eru fram í reglugerð þessari og benda á leiðir til úrbóta ef einhverju er ábótavant.

17. gr.

Telji eftirlitsmenn, álestraraðilar eða skoðunarmenn að ökutæki eða búnaður þess sé ekki í samræmi við skráningu ökutækisins eða ákvæði reglugerðar þessarar, eða að ökumaður hafi ekki uppfyllt skyldur sínar til skráningar á akstri ökutækisins, skulu þeir tilkynna skriflega um það til ríkisskattstjóra á eyðublaði (skýrslu), í því formi sem hann ákveður. Í skýrslunni skal m.a. greint frá nafni ökumanns, eiganda eða umráðamanni ökutækis, skráningarnúmeri ökutækis, hverju hafi verið ábótavant og öðru því sem máli kann að skipta við ákvörðun á skatti eða viðurlögum.

Að skýrslutöku lokinni skal ökumanni gefinn kostur á að kynna sér efni skýrslunnar. Áður en ökumaður undirritar skýrslu skal hann spurður hvort það sem fært er til bókar sé rétt og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Skýrslan skal undirrituð af eftirlitsmanni og ökumanni. Neiti ökumaður að undirrita skýrsluna skal kallaður til vottur er staðfestir að skýrslutakan hafi farið fram.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðsins „heimspekideild“ hvarvetna í reglunum kemur: hugvísindadeild.

Heiti reglnanna breytist og verður: Reglur um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 2. gr. breytist og verður svohljóðandi: Umsóknarfrestur er að öllu jöfnu til 15. mars, sé ætlunin að hefja nám að hausti, en til 15. september, ætli nemandi að hefja nám á vormisseri.

Í stað dagsetningarinnar „15. febrúar“ í 8., 14. og 24. gr. kemur: 15. mars.

Í stað dagsetningarinnar „15. mars“ í 8., 14. og 24. gr. kemur: 15. apríl.

3. gr.

Aftan við lokamálslið 1. mgr. 14. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Hugvísindadeild getur ákveðið að tvær eða fleiri skorir standi saman að einstökum námsleiðum til M.A.-prófs (45 e eða 60 e) og falið fagráði eða námsstjórn að fara sameiginlega með það hlutverk sem skorir hafa annars með höndum samkvæmt reglum þessum.

4. gr.

Upphafsmálsliður 16. gr. breytist og verður svohljóðandi: Nám til M.A.-prófs er að jafnaði 60 e.

5. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. júní 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2005

23. júní 2005

1309

Nr. 601

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Á töflu í 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

Leyfilegur heildarafli fyrir steinbít (4) verður 13.044 lestir, sbr. 1. tl., til línuvildunar koma 644 lestir, sbr. 7. tl. og til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar komi 11.511, sbr. 8. tl.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

23. júní 2005

Nr. 602

REGLUGERÐ

um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds.

1. gr.

Sala eða afhending á olúu, sem bætt hefur verið í litar- og/eða merkiefnum, sbr. 5. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., er undanþegin gjaldskyldu olúgjalds í eftirfarandi tilvikum og eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

1. til nota á skip og báta,
2. til húshitunar og hitunar almenningssundlauga,
3. til nota í iðnaði og á vinnuvélar,
4. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
5. til raforkuframleiðslu,
6. til nota á ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota og falla undir vörulið 8705 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, t.d. kranabifreiðar, borkranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar og úðunarbifreiðar,

Gutenberg

7. til nota á vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilvikum en lýst er í reglugerð þessari. Litar- og/eða merkiefni má hvorki afmá að öllu leyti né að hluta úr olíu, sbr. 1. mgr.

Notkun litaðrar olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar og bifreiðar skv. 3., 4., 6. og 7. tl. 1. mgr. er óheimil.

2. gr.

Vinnuvélar.

Með vinnuvélum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 1. gr., er átt við þær vélar sem eru eingöngu skráðar í vinnuvélaáskrá Vinnueftirlits ríkisins og falla því utan ökutækjaskrár. Auk þeirra teljast til vinnuvéla í skilningi 3. tl. 1. mgr. 1. gr. ökutæki sem skráð eru námubifreiðir í ökutækjaskrá og eingöngu eru notuð utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum.

3. gr.

Dráttarvél í landbúnaði.

Með dráttarvél í landbúnaði er átt við vélknúid ökutæki sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki, er á hjólum og/eða beltum, og eigi er hannað til hraðari aksturs en 40 km/klst, og eingöngu er notað utan vega eða við tilfallandi not á vegum innan landareignar lögbýlis eða í nánasta umhverfi.

4. gr.

Ökutæki ætluð til sérstakra nota.

Til þess að ökutæki ætluð til sérstakra nota falli undir undanþágu skv. 6. tl. 1. gr. skulu þau uppfylla þau skilyrði sem við eiga, í þessari grein.

Með ökutækjum ætluðum til sérstakra nota er átt við ökutæki með áföstum búnaði til þeirra nota og ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga.

Með *kranabifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er átt við ökutæki sem ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga enda eingöngu skráð með yfirbyggingu krana í ökutækjaskrá og aðeins nýtt fyrir krana.

Með *borkranabifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem skráð eru með yfirbygginguna jarðbor í ökutækjaskrá og ekki eru ætluð til fólks- eða farmflutninga.

Með *slökkvibifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við körfubifreiðar og dælubifreiðar.

Með *steypuhræribifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem framleiða steypu á afhendingarstað.

Með *götuhræinsibifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er átt við ökutæki sem sérstaklega eru útbúin og hönnuð til hreinsunar á götum og eingöngu eru nýtt í þeim tilgangi og á skilgreining þessi því ekki við ökutæki með útskiptanlegum götuhræinsibúnaði.

Með *úðunarbifreiðum* í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. er eingöngu átt við ökutæki sem sérstaklega eru varanlega útbúin til úðunar vatns á götur og/eða nýframkvæmdir en ekki ökutæki með útskiptanlegum úðunarbúnaði.

5. gr.

Vörubifreiðar með krana yfir 25 tonnmetrum.

Með vörubifreiðum með krana yfir 25 tonnmetra er einungis átt við vörubifreiðar með fastan pall og án nokkurs dráttarbúnaðar. Með föstum palli er átt við vörupall sem hvorki er lyftanlegur né verði fjarlægður tímabundið. Með dráttarbúnaði er átt við stól fyrir festivagn eða krók fyrir hengi- eða tengivagn.

6. gr.

Auðkenning litaðrar olíu.

Hverjum þeim sem fær afhenta litaða olíu er skylt að auðkenna sérstaklega tank eða geymi undir litaða olíu.

7. gr.

Upplýsingagjöf.

Hver sá sem notar litaða olíu skv. reglugerð þessari og lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skal hvenær sem óskað er eftir veita ríkisskattstjóra allar nauðsynlegar upplýsingar um að kaup á litaðri olíu og olíunotkun ökutækja í hans eigu og/eða umráðum sé í samræmi við reglugerð þessa.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 23. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Deiliskipulag þúttvallar við Vífilsstaðaveg samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðis sem liggur á milli Vífilsstaðavegar og Hofsstaðabrautar austan við Kirkjulund og vestan við íbúðabyggð við Hofslund þar sem m.a. er gert ráð fyrir þúttvelli við Vífilsstaðaveg.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingar samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ sem hafa fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Breyting á deiliskipulagi Akra vegna nýrra spennistöðva.

Í breytingu felst að gert er ráð fyrir tveimur nýjum lóðum fyrir spennistöðvar að Ökrum (áður nefnt Arnarnesland).

Breyting á deiliskipulagi við Súlunes 8 í Arnarnesi.

Í breytingunni felst að heimilt verður að hækka hús að hluta fyrir um 7,5 m² turnbyggingu við Súlunes 8.

Breytingar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ sem hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum:

Breyting á deiliskipulagi við Sigurhæð 15.

Í breytingunni felst að byggingarreitur við Sigurhæð 15 stækkar til SA.

Breyting á deiliskipulagi Akra við Árakur 1 og Hallakur 2-4.

Í breytingunni felst m.a. að felld er niður bindandi byggingarlína á lóðum við Árakur 1 og Hallakur 2-4.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 23. júní 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 5 og 6, Holts-, Haga- og Hólmaflöt.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. apríl 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 5 og 6 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að stærð byggingarreita stækkar úr 16 x 16 m í 16 x 18 m á lóðunum nr. 1, 3 og 5 við Hagaflöt og lóðunum nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 10 við Hólmaflöt. Byggingarreitur lóðarinnar nr. 7 við Hólmaflöt stækkar úr 16 x 16 m í 17 x 19 m. Þá stækkar byggingarreitur lóðarinnar nr. 8 við Hólmaflöt úr 16 x 16 m í 18 x 19 m. Byggingarreitur lóðarinnar nr. 2 við Holtsflöt stækkar úr 16 x 16 m í 18 x 18 m. Breidd gangstétta breytist almennt úr 1,8 m í 2,0 m. Breidd akbrauta verður óbreytt en aðliggjandi lóðadýpt minnkar um 0,2 m. Lóðamörk lóðanna nr. 2 og 4 við Holtsflöt breytast þannig að lóðirnar stækka lítillega. Lögungangstígs milli lóðanna nr. 4 og 6 við Holtsflöt er breytt. Lóðin nr. 5 við Hagaflöt er lítillega skert vegna breyttrar legu gangstígs. Á lóðunum nr. 2, 4, 6, 8 og 10 er bindandi byggingarlína felld niður.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. júní 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2005

24. júní 2005

1313

Nr. 605

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Í stað orðanna „löngu, keilu, langlúru og skarkola“ í lokamálsgrein 8. gr. komi: löngu, keilu, langlúru, skarkola og þykkvalúru.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

24. júní 2005

Nr. 606

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum úti fyrir Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 28. júní 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Austfjörðum á svæðum sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Vestur af Þórsbanka:

1. 64° 03'60 N – 12° 09'00 V
2. 63° 46'00 N – 12° 09'00 V
3. 63° 26'00 N – 11° 55'00 V
4. 63° 17'00 N – 11° 20'00 V
5. 63° 07'00 N – 12° 29'00 V
6. 63° 45'50 N – 12° 56'70 V
7. 63° 53'44 N – 13° 25'00 V
8. 64° 00'00 N – 13° 07'00 V
9. 64° 04'33 N – 12° 57'39 V

Norðaustur af Þórsbanka:

1. 64° 37'00 N – 10° 51'00 V
2. 64° 37'00 N – 10° 20'00 V
3. 64° 04'00 N – 10° 20'00 V
4. 64° 04'00 N – 11° 04'00 V
5. 64° 17'00 N – 10° 34'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.

Þórður Eyþórsson.

Guðrún Eyjólfsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatakja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Eftir 1. janúar 2006 mega þeir einir framkvæma aðalskoðun sem hlotið hafa faggildingu til þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2005

16. júní 2005

1315

Nr. 608

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006:

Heilsugæslu í Reykjavík.
Heilsuverndarstöðina í Reykjavík.
Heilsugæslu í Kópavogi.
Heilsugæslustöðina Seltjarnarnesi.
Heilsugæslustöðina Mosfellsbæ.
Heilsugæslustöðina Hafnarfirði.
Heilsugæslustöðina Garðabæ.

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina St. Jósefsspítala, Hafnarfirði og Sólvang, Hafnarfirði, undir nafninu St. Jósefsspítali, Sólvangur og tekur sameiningin gildi 1. janúar 2006.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. másl. 2. mgr. 24. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

16. júní 2005

Nr. 609

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Salar Islandica ehf., kt. 550500-3370, Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2017.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Silfurstjörnuna hf., kt. 610788-1579, að Núpsmýri og Sigtúnum í Öxarfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. júlí 2017.

Umhverfisstofnun, 16. júní 2005.

Davíð Egilson forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts 2005-2006.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2005-2006, verði sem hér segir:

Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
1. júlí 2005 – 4. sept.2005	6%
5. sept. 2005 – 18. sept.2005	12%
19. sept. 2005 – 27. nóv.2005	18%
28. nóv. 2005 –	6%

2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2005. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 545/2004 um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUR

um breytingu (24) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 3. mgr. 54. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Verkfræðideild er með sama hætti heimilt að veita háskólagráðuna *Master of Project Management*, MPM, að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr.:

1. Við upptalningu 1. mgr. á kennslugreinum í læknadeild bætast:

Til B.S.-prófs í geislafræði.

Til B.S.-prófs í lífeindafræði.

2. Þriðja málsgrein breytist og verður svohljóðandi:

Læknadeild veitir kennslu í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli læknisfræðiskorar, sjúkraþjálfunarskorar og geisla- og lífeindafræðiskorar, eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessara reglna.

3. gr.

Aftan við 3. másl. 3. mgr. 88. gr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kennsla í geislafræði og í lífeindafræði miðast við að á þremur árum megi ljúka námi til B.S.-prófs, en að því loknu tekur við nám á meistarastigi sem leiðir til starfsréttinda, skv. nánari reglum þar að lútandi.

4. gr.

Fyrsti málslíður 2. mgr. 89. gr. breytist og verður svohljóðandi: Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði.

5. gr.

Fyrsta málsgrein 90. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Nám í læknisfræði til embættisprófs jafngildir 180 námseiningum, nám til B.S.-prófs í sjúkraþjálfun jafngildir 120 námseiningum, nám til B.S.-prófs í geislafræði jafngildir 90 námseiningum og nám til B.S.-prófs í lífeindafræði jafngildir 90 námseiningum. Sá sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði ber próftítilinn *candidatus medicinae* (cand. med.). Sá sem hefur lokið fullnaðarprófi í sjúkraþjálfun ber títilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í sjúkraþjálfun og sá sem lokið hefur 90 eininga námi í geislafræði eða lífeindafræði ber títilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í geislafræði/lífeindafræði, eftir því sem við á.

6. gr.

Aftan við 107. gr. reglnanna kemur ný grein, 107. gr. a., með heitið: **MPM-nám** og svohljóðandi ákvæði:

Deildinni er heimilt að veita prófgráðuna MPM að loknu 45 eininga endurmenntunar-námi á vegum deildarinnar, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. reglna þessara.

Við inntöku í MPM-nám skal nemandi hafa lokið háskólagráðu, B.A.-, B.S.- eða B.Ed.-prófi eða samsvarandi, og að jafnaði hafa þriggja ára reynslu úr atvinnulífnum.

Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur í samþykktum um námið, sem háskólaráð staðfestir.

7. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. júní 2005.

Páll Skúlason.

Tryggvi Þórhallsson.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins (flutningastarfsemi), bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002/EB frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal I, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 179/2004 frá 9. desember 2004, merkt fylgiskjal II. Reglugerðin skal gilda hér á landi með þeirri aðlögun sem kemur fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal III samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 15/2005 frá 4. febrúar 2005.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1701/2003 frá 24. september 2003 um aðlögun 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, merkt fylgiskjal IV, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 15/2005 frá 4. febrúar 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 146. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Samgönguráðuneytinu, 20. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1592/2002**

frá 15. júlí 2002

um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að öruggt sé að evrópskir borgarar njóti jafnan mikillar og samræmdrar verndar í almenningslugi skal samþykkja sameiginlegar öryggisreglur og gera ráðstafanir til að tryggja að loftför, hreyflar loftfara og loftskrúfur (products) og aðilar og fyrirtæki í Bandalaginu fullnægi þessum reglum sem og reglum sem samþykktar eru til að vernda umhverfið. Þetta greiðir fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálstri för fólks og frjálsum flutningum fyrirtækja á innri markaðnum.
- 2) Því er rétt að gera vottun á loftförum, hreyflum loftfara og loftskrúfum (aeronautical products) að skilyrði til að sannreyna hvort þau standist grunnkröfur um lofthæfi og umhverfisvernd að því er varðar almenningflug. Móta skal viðeigandi grunnkröfur innan árs frá gildistöku þessarar reglugerðar sem taka skulu til starfrækslu loftfara, veitingar flugliðaskirteina og beitingar þessarar reglugerðar gagnvart loftförum þriðju landa og síðan til annarra þátta sem tengjast öryggi í almenningslugi.
- 3) Nauðsynlegt er að bregðast við vaxandi áhyggjum af heilsu og velferð flugfarþega með því að hanna loftför með þeim hætti að öryggi og heilsa farþega sé betur tryggð.
- 4) Brýnt er að gera umsvifalaust ráðstafanir í framhaldi af niðurstöðum flugsýsarannsóknna til að tryggja tiltrú

neytenda á flutningum í lofti, einkum þegar niðurstöðurnar tengjast galla á hönnun loftfara og/eda þáttum er varða starfrækslu þeirra.

- 5) Í samþykktinni um alþjóðaflugmál, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn) og öll aðildarríkin eru aðilar að, hefur þegar verið kveðið á um lágmarksreglur til að tryggja öryggi í almenningslugi ásamt þar að lútandi umhverfisvernd. Grunnkröfur Bandalagsins og reglur um framkvæmd þeirra eiga að tryggja að aðildarríkin ræki skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum, einnig gagnvart þriðju löndum.
- 6) Loftför, hreyflar loftfara og loftskrúfur og ihlutir þeirra og búnaður skulu fá vottun þegar staðfest hefur verið að þau eru í samræmi við grunnkröfur um lofthæfi og umhverfisvernd sem Bandalagið hefur mælt fyrir um í samræmi við reglur Chicago-samningsins. Veita ber framkvæmdastjórninni heimild til að semja nauðsynlegar framkvæmdarreglur.
- 7) Til að ná markmiðum Bandalagsins um frjálsa vöruflutninga, frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi og um sameiginlega stefnu í flutningamálum skulu aðildarríkin viðurkenna, án frekari krafna eða mats, loftför, hreyfla og loftskrúfur og ihluti þeirra og búnað og fyrirtæki eða aðila sem hafa fengið vottun í samræmi við þessa reglugerð og reglur um framkvæmd hennar.
- 8) Gefa skal nægilegt svigrúm til að bregðast við sérstökum aðstæðum, s.s. gera brýnar öryggisráðstafanir eða uppfylla ófyrirséðar eða takmarkaðar þarfir við starfrækslu, og einnig þarf að vera unnt að tryggja sambærilegt öryggi eftir öðrum leiðum. Aðildarríkin skulu geta veitt undanþágur frá kröfum í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, að því tilskildu að undanþágurnar hafi takmarkað gildissvið og falli undir viðeigandi eftirlit Bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB C 221, 7.8.2001, bls. 38.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 5. september 2001 (Stjtið. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 146), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB C 58 E, 5.3.2002, bls. 44) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 9. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 18. júní 2002.

- 9) Markmiðum þessarar reglugerðar má ná með góðum árangri með samstarfi við þriðju lönd. Þegar svo háttar til er unnt að aðlaga ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar með samningum Bandalagsins við þessi lönd. Séu slíkir samningar ekki fyrir hendi skal aðildarríkjunum eftir sem áður heimilt, með fyrirvara um viðeigandi eftirlit Bandalagsins, að viðurkenna samþykki sem þriðja land hefur veitt fyrir erlendum loftförum, hreyflum og loftskrúfum, íhlutum þeirra og búnaði og fyrirtækjum og starfsfólki.
- 10) Nauðsynlegt er að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja bæði nauðsynlega vernd viðkvæmra öryggisupplýsinga og veita almenningi fullnægjandi upplýsingar um öryggi í almenningsflugi og þar að lútandi umhverfisvernd, að teknu tilliti til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾ og viðkomandi, innlendri löggjöf.
- 11) Þörf er á bættu fyrirkomulagi á öllum sviðum sem reglugerð þessi tekur til þannig að tiltekin verkefni, sem nú eru unnin á vettvangi Bandalagsins eða á innlendum vettvangi, verði í höndum eins, sérhæfðs sérfræðiaðila. Því er þörf á því, innan núverandi stofnana- og valdskiptingarkerfis Bandalagsins, að koma á fót Flugöryggisstofnun Evrópu sem er óháð í málum er varða tæknileg atriði og hefur sjálfræði lagalega, stjórnumarlega og fjárhagslega. Í þessu skyni er bæði rétt og nauðsynlegt að hún verði Bandalagsstofnun sem er lögaðili og fer með það framkvæmdarvald sem henni er veitt í þessari reglugerð.
- 12) Til að Flugöryggisstofnunin geti aðstoðað Bandalagið sem best skal henni heimilt að þróa sérfræðikunnáttu innan vébanda sinna um alla þætti öryggismála í almenningsflugi og umhverfisverndar sem reglugerð þessi tekur til. Henni ber að aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning nauðsynlegrar löggjafar og aðstoða aðildarríkin og atvinnugreinina við framkvæmd hennar. Hún skal vera fær um að gefa út vottunarforskriftir og -leiðbeiningar og framkvæma tæknilegar rannsóknir og gefa út vottorð og skirteini eftir því sem þörf krefur og henni ber að aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar og hún skal fá nauðsynlegar heimildir til að sinna verkefnum sínum.
- 13) Til að framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geti haft skilvirkt eftirlit með starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar skulu þau eiga fulltrúa í stjórn hennar. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal hafa nauðsynlegar heimildir til að semja fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með framkvæmd hennar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur, koma á gagnsæjum vinnureglum við ákvarðanatöku Flugöryggisstofnunarinnar og tilnefna forstjóra. Einnig skal Flugöryggisstofnuninni heimilt að framkvæma rannsóknir og skipuleggja viðeigandi samræmingu með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum. Æskilegt er að Flugöryggisstofnunin aðstoði Bandalagið og aðildarríki þess á sviði alþjóðasamskipta, þ.m.t. við samræmingu reglna, viðurkenningu samþykkis og við samstarf í tæknimálum, og hafi rétt til að koma á viðeigandi samskiptum við flugmálayfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir sem fara með málefni sem reglugerð þessi tekur til.
- 14) Í þágu almannaheilla ber Flugöryggisstofnuninni að styðjast eingöngu við sérþekkingu óháðra aðila í aðgerðum sínum á sviði öryggis og fylgja nákvæmlega reglugerð þessari og reglum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt til framkvæmdar henni. Því skal forstjórinn taka allar ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar sem tengjast öryggismálum og hann skal fá mikið svigrúm til að leita ráðgjafar og skipuleggja innra starf Flugöryggisstofnunarinnar. Þegar Flugöryggisstofnunin þarf að semja drög að almennum reglum sem innlend yfirvöld eiga að beita skulu aðildarríkin þó taka þátt í ákvörðunarferlinu.
- 15) Tryggja þarf að aðilar, sem ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar hafa áhrif á, geti leitað réttar síns með einhverjum þeim hætti sem er í samræmi við sérstöðu flugsins. Skilgreina skal viðeigandi kæruleiðir til að unnt sé að kæra ákvarðanir forstjóra til sérstakrar kærunefndar en ákvarðanir hennar skal síðan vera unnt að kæra til Dómstóls Evrópubandalaganna.
- 16) Til að tryggja fullt sjálfræði og sjálfstæði Flugöryggisstofnunarinnar skal hún hafa sjálfstæðan fjárhag og tekjur hennar fyrst og fremst vera framlag Bandalagsins og þóknanir frá notendum kerfisins. Fjárlagagerð Bandalagsins gildir að því er varðar fjárlaglag Bandalagsins og aðra styrki sem veittir eru af almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Endurskoðunarretturinn skal annast endurskoðun reikningssskila.
- 17) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

18) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar nægilega vel, þ.e. að setja og beita reglum um öryggi í almenningsslugi og um umhverfisvernd á samræmdan hátt, og þeim markmiðum verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess að þessi reglugerð nær til alls Evrópubandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

19) Setja skal almennar reglur áður en Flugöryggisstofnunin opnar staðarskrifstofur sínar til að skýrt komi fram hvaða kröfur þurfi að uppfylla og hvað viðkomandi aðildarríki þurfi að leggja af mörkum.

20) Viðurkennt er að nauðsynlegt er að leita eftir aukinni þátttöku Evrópulanda sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu til að tryggja breiðan, samevrópskan grundvöll og greiða þannig fyrir auknu öryggi í almenningsslugi í allri Evrópu. Evrópulönd, sem hafa gert samninga við Bandalagið um að samþykkja og beita réttarreglum Bandalagsins á því sviði sem reglugerð þessi tekur til, skulu taka þátt í þessu starfi í samræmi við skilyrði sem samþykkt skulu innan ramma þessara samninga.

21) Almenna markmiðið er að flytja störf og verkefni frá aðildarríkjunum til Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. störf og verkefni sem tengjast samvinnu þeirra innan vébanda Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA), án þess að draga að neinu leyti úr því mikla öryggi sem nú er fyrir hendi og án þess að það hafi neikvæð áhrif á áætlanir um vottun. Samþykkja þarf víðeigandi ráðstafanir til að nauðsynleg umskipti geti átt sér stað.

22) Í þessari reglugerð er mótaður víðeigandi heildarrammi um umhverfisvottun loftfara, hreyfla og loftskrúfna og um skilgreiningu og framkvæmd á sameiginlegum tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði almenningsslugs. Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða ⁽¹⁾ og II. viðauki við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ⁽²⁾ skulu því felld úr gildi þegar það er tímabært, sbr. þó þá vottun

loftfara, hreyfla og loftskrúfna og aðila og fyrirtækja sem hefur þegar farið fram í samræmi við þessar lagagerðir.

23) Reglugerð þessi mun gilda á öllum öðrum sviðum, sem tengjast öryggi í almenningsslugi, á grundvelli tillögu sem verður lögð fram síðar í samræmi við sáttmálann.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) hönnun, framleiðslu, viðhald og notkun á loftförum, hreyflum loftfara og loftskrúfum og íhlutum þeirra og búnaði, sem og starfsfólk og fyrirtæki sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi á þessum loftförum, hreyflum, loftskrúfum, íhlutum og búnaði,

b) starfsfólk og fyrirtæki sem taka þátt í starfrækslu loftfars.

2. Þessi reglugerð gildir ekki þegar her, tollur, lögregla eða þess háttar aðilar nýta sér loftfór, hreyfla og loftskrúfur og íhluti þeirra og búnað sem og starfsfólk og fyrirtæki sem um getur í 1. mgr. Aðildarríkin skulu skuldbinda sig til að tryggja að þessir aðilar taki tilhlýðilegt tillit til markmiða þessarar reglugerðar eftir því sem unnt er.

2. gr.

Markmið

1. Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsslugi í Evrópu.

2. Önnur markmið á þeim sviðum, sem reglugerð þessi tekur til, eru sem hér segir:

a) að tryggja samræmda umhverfisvernd á háu stigi,

b) að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum, frjálstri för fólks og frjálstri þjónustustarfsemi,

c) að stuðla að kostnaðarhagkvæmni við reglusetningu og vottun og forðast tvíverknað á innendum og evrópskum vettvangi,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 18, 24.1.1980, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 83/206/EBE (Stjtið. EB L 117, 4.5.1983, bls. 15).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 (Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 47).

- d) að aðstoða aðildarríkin við að rækja skyldur sínar samkvæmt Chicago-samningnum með því að leggja grunn að sameiginlegri túlkun og samræmdri framkvæmd ákvæða hans og með því að tryggja að tekið verði tilhlýðilegt tillit til ákvæða hans í þessari reglugerð og í reglunum um framkvæmd hennar,
- e) að kynna sjónarmið Bandalagsins varðandi staðla og reglur um öryggi í almenningflugum um heim allan með því að koma á viðeigandi samstarfi við þriðju lönd og alþjóðastofnanir.
3. Leiðir til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 1. og 2. mgr., skulu vera:
- a) að semja og samþykkja öll nauðsynleg lög og beita þeim á samræmdan hátt,
- b) að viðurkenna, án þess að gera viðbótarkröfur, vottorð og skirteinu, leyfi, samþykki eða önnur skjöl sem gefin eru út fyrir loftför, hreyfla og loftskrúfur og starfsfólk og fyrirtæki í samræmi við þessa reglugerð og reglur um framkvæmd hennar,
- c) að stofna sjálfstæða Flugöryggisstofnun Evrópu,
- d) að flugmálayfirvöld aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunin komi öllum nauðsynlegum lögum í framkvæmd á samræmdan hátt, hver á sínu ábyrgðarsviði.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „stöðugt eftirlit“: sú vinna sem þarf að fara fram til að sannreyna að skilyrðin fyrir veitingu vottorðs eða skirteinis séu jafnan uppfyllt á meðan vottorðið eða skirteinidið er í gildi, sem og hugsanlegar verndarráðstafanir,
- b) „Chicago-samningurinn“: samþykkt um alþjóðaflugmál ásamt viðaukum, undirrituð í Chicago 7. desember 1944,
- c) „framleiðsluvara“ (product): loftfar, hreyfill eða loftskrúfa,
- d) „íhlutir og búnaður“: allir mælar, búnaður, kerfi, íhlutir, tækjabúnaður, fylgihlutir eða aukahlutir, þ.m.t. fjar-skíptabúnaður, sem eru notuð eða sem eru ætluð til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars á flugi og sem er komið fyrir í loftfarinu eða fest á það. Undir þetta falla íhlutir flugsbrokks, hreyfils eða loftskrúfu,
- e) „vottun“: hvers konar viðurkenning á því að loftfar, hreyfill eða loftskrúfa, íhluti hennar eða búnaður, fyrirtæki eða aðili uppfylli gildandi kröfur, þ.m.t. ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar, svo og útgáfa viðeigandi vottorða til staðfestingar á því að kröfurnar hafi verið uppfylltar,
- f) „hæfur aðili“: aðili sem hefur heimild til að annast vottun undir eftirliti og ábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar,

- g) „vottorð“: samþykki, leyfi eða annað skjal sem gefið er út í framhaldi af vottun.

II. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR

4. gr.

Grundvallarreglur og gildissvið

1. Loftför, þ.m.t. ísettir hreyflar, loftskrúfur, íhlutir og búnaður, sem:

- a) fyrirtæki, sem Flugöryggisstofnunin eða aðildarríki hefur öryggiseftirlit með, hannar eða framleiðir, eða
- b) eru skráð í aðildarríki, eða
- c) eru skráð í þriðja landi og aðildarríki tryggir rekstrareftirlit með flugrekandanum sem notar þau,

skulu vera í samræmi við þessa reglugerð nema lögbundið öryggiseftirlit hafi verið falið þriðja landi og þau séu ekki notuð af flugrekanda í Bandalaginu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um loftför sem um getur í II. viðauka.

3. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi þriðju landa samkvæmt alþjóðasamþykktum, einkum Chicago-samningnum.

5. gr.

Lofthæfi

1. Loftfar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skal uppfylla grunnkröfur um lofthæfi sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Þegar um er að ræða loftför, sem eru skráð í aðildarríki, og hreyfla, loftskrúfur, íhluti og búnað sem komið er fyrir í þessum loftförum skal staðfesta að þau uppfylli þessar kröfur á eftirfarandi hátt:

- a) Loftförum, hreyflum og loftskrúfum skal fylgja tegundarvottorð. Tegundarvottorð og vottun um breytingar á tegundarvottorðinu, þ.m.t. viðbótartegundarvottorð, skulu gefin út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að viðkomandi loftfar, hreyfill eða loftskrúfa sé í samræmi við tiltekinn tegundarvottunargrunn, sem tilgreindur er í 15. gr. og skilgreindur er til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr., og þegar viðkomandi loftfar, hreyfill eða skrúfa hefur engin sérkenni eða eiginleika sem gerir notkun ótrygga. Tegundarvottorðið skal ná yfir viðkomandi loftfar, hreyfil eða loftskrúfu, þ.m.t. alla ásetta íhluti og búnað.
- b) Heimilt er að gefa út sérstök vottorð fyrir íhluti og búnað ef sýnt er fram á að íhlutirnir og búnaðurinn séu í samræmi við ítarlegar lofthæfiforskriftir sem ákveðnar hafa verið til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr.

- c) Gefa skal út sérstakt lofthæfivottorð fyrir hvert loftfar þegar sýnt hefur verið fram á að það sé í samræmi við þá tegundarhönnun, sem samþykkt er í tegundarvottorði þess, og að viðeigandi upplýsingaskjöl, skóðanir og prófanir sýni að óhátt sé að starfrækja loftfarið. Þetta lofthæfivottorð skal haldast í gildi á meðan það er ekki fellt úr gildi tímabundið, afturkallað eða fellt endanlega úr gildi og á meðan loftfarinu er haldið við í samræmi við grunnkröfurnar, sem varða áframhaldandi lofthæfi og settar eru fram í lið 1.d í I. viðauka, og framkvæmdarreglurnar sem um getur í 4. mgr.
- d) Fyrirtæki, sem annast hönnun, framleiðslu og viðhald á loftförum, hreyflum og loftskrúfum, íhlutum og búnaði, skulu sanna hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra. Ef hæfni þeirra og geta eru ekki viðurkennd á annan hátt skal hæfnin og getan viðurkennd með útgáfu samþykkis fyrir fyrirtækið. Sérrettindin, sem samþykkt fyrirtækinu eru veitt, og gildissvið samþykkisins skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins.
- Að auki:
- e) Unnt er að krefjast þess að starfsfólk, sem annast viðhaldsvotun á loftförum, hreyflum og loftskrúfum og íhlutum þeirra eða búnaði að loknu viðhaldi, hafi viðeigandi skirteini („starfsskirteini“).
- f) Gefa má út samþykki til viðurkenningar á hæfni stofnana, sem sjá um viðhaldsþjálfun, til að rækja þær skyldur sem fylgja því að þær hafa sérrettindi til útgáfu skirteinanna sem um getur í e-lið.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr.:
- a) er heimilt að gefa út flugleyfi ef sýnt hefur verið fram á að unnt sé að fljúga loftfarinu á öruggan hátt við eðlilegar aðstæður. Það skal gefið út með viðeigandi takmörkunum, einkum til að vernda öryggi þriðju aðila,
- b) er heimilt að gefa út takmarkað lofthæfivottorð fyrir loftfar sem ekki hefur fengið tegundarvottorð skv. a-lið 2. mgr. Í því tilviki skal sýna fram á að loftfarið sé í samræmi við sérstakar lofthæfiforskriftir og ekki skal víkja frá grunnkröfunum, sem um getur í 1. mgr., nema tryggt sé að öryggi sé fullnægjandi með hliðsjón af markmiðinu með fluginu. Skilgreina skal loftför, sem eru hæf fyrir takmörkuð vottorð, og takmarkanir á notkun slíkra loftfara samkvæmt framkvæmdarreglunum sem um getur í 4. mgr.,
- c) ef fjöldi loftfara af sömu tegund, sem eru hæf fyrir takmörkuð lofthæfivottorð, gefur tilefni til þess er heimilt að gefa út takmarkað tegundarvottorð og ákveða viðeigandi tegundarvottunargrunn.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr., og tilgreina sérstaklega:
- a) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þann tegundarvottunargrunn sem gildir fyrir tiltekið loftfar, hreyfil eða loftskrúfu,
- b) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær tilteknu lofthæfiforskriftir sem gilda fyrir tiltekna íhluti og búnað,
- c) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær tilteknu lofthæfiforskriftir sem gilda fyrir loftför sem eru hæf til að fá takmarkað lofthæfivottorð,
- d) skilyrðin fyrir því að gefa út og miðla skyldubundnum upplýsingum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfara, hreyfla eða loftskrúfna,
- e) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tegundarvottorð, takmörkuð tegundarvottorð, samþykki á breytingum á tegundarvottorðum, einstök lofthæfivottorð, takmörkuð lofthæfivottorð, flugleyfi og vottorð fyrir loftför, hreyfla og loftskrúfur, íhluti þeirra eða búnað, þ.m.t.:
- i) skilyrði um gildistíma þessara vottorða og skilyrði fyrir endurnýjun vottorða ef takmarkaður gildistími hefur verið ákveðinn,
- ii) takmarkanir sem varða útgáfu flugleyfa. Þessar takmarkanir skulu einkum taka til eftirfarandi:
- markmiðsins með fluginu,
 - loftrýmisins sem flugið fer fram í,
 - starfsrettinda flugáhafnar,
 - flutnings annarra einstaklinga en flugáhafnar,
- iii) loftför, sem eru hæf fyrir takmörkuð lofthæfivottorð, og tilheyrandi takmarkanir,
- f) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla samþykki fyrir fyrirtæki, sem krafist er skv. d- og f-lið 2. mgr., og skilyrðin fyrir því að ekki þurfi að óska eftir slíku samþykki,
- g) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla starfsskirteinin sem krafist er skv. e-lið 2. mgr.,
- h) skyldur vottorðs- eða skirteinishafa,
- i) hvernig sýna skuli fram á að loftfar, sem um getur í 1. mgr. og fellur ekki undir 2. eða 3. mgr., fullnægi grunnkröfunum.
5. Þegar framkvæmdastjórnin setur framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 4. mgr., skal hún gæta þess sérstaklega:
- a) að þær endurspegli stöðu tækninnar og bestu starfsvenjur á sviði lofthæfi,
- b) að tekið sé tillit til reynslunnar af rekstri loftfara um heim allan og til framfara í vísindum og tækni,
- c) að gefið sé svigrúm til að bregðast tafarlaust við til að komast að orsökum slysa og alvarlegra atburða.

6. gr.

Grunnkröfur um umhverfisvernd

1. Loftför, hreyflar og loftskrúfur og íhlutir þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá nóvember 1999, að undanskildum viðbættum hans.
2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 54. gr., er heimilt að samræma 1. mgr. þessarar greinar síðari breytingum á Chicago-samningnum og viðaukum hans, sem öðlast gildi eftir samþykkt þessarar reglugerðar og gilda í öllum aðildarríkjunum, svo fremi að slík samræming rýmki ekki gildissvið þessarar reglugerðar.
3. Framkvæmdastjórnin skal setja reglur um framkvæmd 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr., og stýðjast, eftir því sem þörf krefur, við efni viðbættanna sem nefndir eru í 1. mgr.

7. gr.

Starfræksla loftfara og veiting fluglíðaskírteina

Framkvæmdastjórnin skal leggja tillögur, eins fljótt og auðið er, fyrir Evrópuþingið og ráðið um grundvallarreglur, gildissvið og grunnkröfur fyrir þau svið sem falla undir ákvæði b-liðar 1. mgr. 1. gr.

8. gr.

Viðurkenning vottorða og skírteina

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna vottorð og skírteini, sem gefin eru út í samræmi við þessa reglugerð, án frekari tæknilegra krafna eða mats. Ef upprunaleg viðurkenning varðar eitt eða fleiri tiltekin markmið skulu síðari viðurkenningar aðeins taka til þess eða þeirra markmiða.
2. Vottorð og skírteini, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, er heimilt að gefa út á grundvelli gildandi landsbundinna reglna uns framkvæmdarreglurnar, sem um getur í 4. mgr. 5. gr., hafa verið samþykktar, sbr. þó 2. mgr. 57. gr.

9. gr.

Viðurkenning á samþykki þriðja lands

1. Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar er Flugöryggisstofnuninni og flugmálayfirvöldum í aðildarríki heimilt að gefa út vottorð og skírteini á grundvelli vottorða og skírteina, sem flugmálayfirvöld í þriðja ríki hafa gefið út, í samræmi við samninga um gagnkvæma viðurkenningu milli Bandalagsins og viðkomandi þriðja lands.
2. a) Hafí Bandalagið ekki gert slíkan samning getur aðildarríki eða Flugöryggisstofnunin gefið út vottorð eða skírteini á grundvelli vottorða og skírteina sem lögbær yfirvöld þriðja lands hafa gefið út á grundvelli

samnings sem aðildarríkið og viðkomandi þriðja land höfðu gert með sér áður en viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar öðluðust gildi og sem framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hafði verið tilkynnt um. Flugöryggisstofnuninni er einnig heimilt að gefa út slík vottorð eða skírteini fyrir hönd aðildarríkis á grundvelli samnings sem eitthvert aðildarríkjanna hefur gert við viðkomandi þriðja land.

b) Telji framkvæmdastjórnin:

- að ákvæði samnings milli aðildarríkis og þriðja lands kveði ekki á um öryggi sem er sambærilegt við það sem er tiltekið í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, og/eða
- að samningurinn mismuni aðildarríkjunum án þess að knýjandi öryggisástæður liggi því til grundvallar, eða fari í bága við utanríkisstefnu Bandalagsins gagnvart þriðja ríki,

getur hún, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 54. gr., krafist þess að hlutaðeigandi aðildarríki breyti samningnum eða hætti beitingu hans um tíma eða segi honum upp í samræmi við 307. gr. sáttmálans.

c) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að segja sem fyrst upp slíkum samningum, eftir gildistöku samnings milli Bandalagsins og viðkomandi þriðja lands, að því er varðar málefni sem falla undir síðari samninginn.

10. gr.

Ákvæði um sveigjanleika

1. Ákvæði þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki geti tafarlaust brugðist við öryggisvanda sem tekur til loftfara, hreyfla eða loftskrúfna, aðila eða fyrirtækis sem heyrir undir ákvæði þessarar reglugerðar.

Ef öryggisvandinn stafar af:

- a) ófullnægjandi öryggi sem rekja má til beitingar þessarar reglugerðar, eða
- b) annmörkum á þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar,

skal aðildarríkið þegar í stað tilkynna Flugöryggisstofnuninni, framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar, og ástæður fyrir þeim.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 54. gr., hvort ófullnægjandi öryggi eða annmarki á þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar réttlæti áframhaldandi beitingu ráðstafana sem samþykktar eru skv. 1. mgr. Ef svo er skal hún einnig grípa til nauðsynlegra aðgerða til að breyta viðkomandi reglu. Ef niðurstaðan er sú að ráðstafanir aðildarríkisins séu ekki réttlætanlegar skal aðildarríkið afturkalla eða breyta umræddum ráðstöfunum.

3. Aðildarríki er heimilt að veita undanþágur frá efnislegum kröfum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, vegna ófyrirséðra, brýnna aðstæðna eða þarfa við starfrækslu sem vara í takmarkaðan tíma, að því tilskildu að það hafi ekki þau áhrif að dragi úr öryggi. Tilkynna skal Flugöryggisstofnuninni, framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar slíkar undanþágur ef þær eru endurteknar eða ef þær eru veittar til lengri tíma en tveggja mánaða.

4. Ef ráðstafanir, sem aðildarríki hefur tekið ákvörðun um, eru ekki eins takmarkandi og gildandi ákvæði Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin rannsaka hvort undanþágurnar samræmist almennum öryggismarkmiðum samkvæmt þessari reglugerð eða annarri reglu laga Bandalagsins. Ef undanþágurnar, sem eru veittar, eru ekki í samræmi við almenn öryggismarkmið samkvæmt þessari reglugerð eða annarri reglu laga Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 54. gr. Þegar svo er skal aðildarríkið afturkalla undanþáguna.

5. Ef unnt er að veita sambærilega vernd og fæst með beitingu reglnanna um framkvæmd 5. og 6. gr. eftir öðrum leiðum er aðildarríkjunum heimilt að veita samþykki, sem vikur frá þessum framkvæmdarreglum, án mismununar á grundvelli þjóðernis. Í slíkum tilvikum skal hlutadeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni að það hyggist veita slíkt samþykki og færa rök fyrir því, þar sem sýnt er fram á nauðsyn þess að víkja frá viðkomandi reglu, og tilgreina skilyrðin sem sett eru til að ná fram sambærilegri vernd.

6. Framkvæmdastjórnin skal, innan þriggja mánaða frá því að aðildarríki hefur sent henni tilkynningu í samræmi við 5. mgr., hefja málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 54. gr. í þeim tilgangi að ákveða hvort samþykki, sem gerð er tillaga um í samræmi við 5. mgr., uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein og hvort heimilt sé að veita það. Í því tilviki skal hún tilkynna öllum aðildarríkjunum um ákvörðun sína og skulu þau einnig eiga rétt á að beita þeirri ráðstöfun. Ákvæði 8. gr. gilda um viðkomandi ráðstöfun. Einnig má, með gagnsæri málsmeðferð í samræmi við 43. gr., breyta viðeigandi framkvæmdarreglum þannig að tekið sé tillit til slíkrar ráðstöfunar.

11. gr.

Upplýsinganet

1. Framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnunin og flugmálayfirvöld aðildarríkjanna skulu skiptast á upplýsingum sem þau hafa undir höndum og varða beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar. Aðilar, sem falið er að rannsaka flugslys og óhöpp í almenningssflugi eða greina atburði, eiga rétt á aðgangi að þessum upplýsingum.

2. Með fyrirvara um rétt almenningss flugsá aðgangi að skjölum framkvæmdastjórnarinnar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1049/2001, skal framkvæmdastjórnin

samþykkja ráðstafanir um að miðla upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, til hagsmunaaðila að eigin frumkvæði og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 54. gr. Þessar ráðstafanir, sem geta verið almennar eða sértækar, skulu byggjast á nauðsyn þess:

- a) að veita aðilum og fyrirtækjum nauðsynlegar upplýsingar til að þessir aðilar geti bætt flugöryggi,
 - b) að takmarka miðlun upplýsinga við það sem er alveg nauðsynlegt fyrir notendur þeirra með það fyrir augum að tryggja viðeigandi leynd þessara upplýsinga.
3. Flugmálayfirvöld aðildarríkjanna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við innlenda löggjöf til að tryggja viðeigandi leynd upplýsinga sem þau fá við beitingu 1. mgr.
4. Flugöryggisstofnunin skal gefa út árlega öryggisskýrslu til að upplýsa almenning um almenna stöðu öryggismála.

III. KAFLI

FLUGÖRYGGISSTOFNUN EVRÓPU

I. ÞÁTTUR

VERKEFNI

12. gr.

Stofnun og hlutverk Flugöryggisstofnunarinnar

1. Stofna skal Flugöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“, til framkvæmdar þessari reglugerð.
2. Til að tryggja eðlilega framkvæmd og þróun flugöryggis skal Flugöryggisstofnunin:
 - a) taka að sér verkefni og skila álitum í öllum málaflokkum sem falla undir 1. mgr. 1. gr.,
 - b) aðstoða framkvæmdastjórnina með því að undirbúa ráðstafanir sem gera þarf til framkvæmdar þessari reglugerð. Þegar þessar ráðstafanir taka til tæknilegra reglna, einkum reglna sem varða smíði og hönnun og starfrækslupætti, er framkvæmdastjórninni ekki heimilt að breyta þeim efnislega nema að undangengnu samráði við Flugöryggisstofnunina. Flugöryggisstofnunin skal einnig veita framkvæmdastjórninni þá tæknilegu, vísindalegu og stjórnsýslulegu aðstoð sem hún þarfnast við störf sín,
 - c) gera nauðsynlegar ráðstafanir innan marka þeirra heimilda sem henni eru veittar í þessari reglugerð eða annarri löggjöf Bandalagsins,
 - d) framkvæma nauðsynlega skoðun og rannsóknir til að leysa af hendi verkefni sín,
 - e) annast störf og verkefni, á sínu valdsviði og fyrir hönd aðildarríkjanna, sem aðildarríkjunum hafa verið fengin með gildandi alþjóðasamningum, einkum Chicago-samningnum.

13. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

Flugöryggisstofnunin skal, þegar við á:

- a) skila álitserðum til framkvæmdastjórnarinnar,
- b) gefa út vottunarforskriftir, þ.m.t. lofthæfireglur og ásætlanlegar aðferðir við að uppfylla kröfur, sem og leiðbeiningar um beitingu þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar,
- c) taka viðeigandi ákvarðanir um beitingu 15., 45. og 46. gr.

14. gr.

Álitserðir, vottunarforskriftir og leiðbeiningar

1. Til að aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning tillagna um grundvallarreglur, gildissvið og grunnkröfur, sem leggja skal fyrir Evrópuþingið og ráðið, og við samþykkt framkvæmdarreglnanna, semur Flugöryggisstofnunin drög að þessum tillögum og reglum. Flugöryggisstofnunin leggur drögin fyrir framkvæmdastjórnina í formi álits.

2. Flugöryggisstofnunin skal, í samræmi við 43. gr. og framkvæmdarreglurnar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, semja:

- a) vottunarforskriftir, þ.m.t. lofthæfireglur og ásætlanlegar aðferðir við að uppfylla kröfur, og
- b) leiðbeiningar,

sem nota skal við vottunina.

Þessi skjöl skulu endurspegla stöðu tækninnar hverju sinni og bestu starfsvenjur á sviði lofthæfi og skulu uppfærð með tilliti til reynslunnar um heim allan af rekstri loftfara og með tilliti til framfara í vísindum og tækni.

15. gr.

Lofthæfi- og umhverfisvottun

1. Að því er varðar loftför, hreyfla og loftrúfur og íhluti þeirra og búnað sem er getur í 1. mgr. 4. gr. skal Flugöryggisstofnunin, þegar við á og eins og tilgreint er í Chicago-samningnum eða víðaukum hans, annast störf og verkefni hönnunar-, framleiðslu- eða skráningarríkisins fyrir hönd aðildarríkjanna í tengslum við hönnunarsamþykki. Í þessu skyni skal Flugöryggisstofnunin einkum:

- a) ákvarða og tilkynna um tegundarvottunargrunn fyrir öll loftför, hreyfla og loftrúfur sem sótt er um tegundarvottorð eða breytingu á tegundarvottorði fyrir. Vottunargrunnurinn er samsettur úr viðeigandi lofthæfireglum,

ákvæðum, sem viðurkennt hefur verið að tryggja samþættingu öryggi, og þeim sérstöku, ítarlegu tækniforskriftum sem nauðsynlegar eru þegar hönnunareiginleikar tiltekinna loftfara, hreyfla eða loftrúfna eða reynslan af notkun þeirra gera það að verkum að ákvæði lofthæfireglna eru ófullnægjandi eða henta ekki til að tryggja samræmi við grunnkröfur,

- b) ákvarða og tilkynna sérstakar lofthæfiforskriftir fyrir hvert loftfar, hreyfil eða loftrúfu sem sótt er um takmarkað lofthæfivottorð fyrir,
- c) ákvarða og tilkynna ítarlegar lofthæfiforskriftir fyrir hvern íhlut eða búnað sem sótt er um vottorð fyrir,
- d) ákvarða og tilkynna viðeigandi umhverfiskröfur fyrir hvert loftfar, hreyfil eða loftrúfu sem krafist er umhverfisvottunar fyrir í samræmi við 6. gr.,
- e) annast tækniskoðun sem tengist vottun á loftfari, hreyfli og loftrúfu, íhlut og búnaði, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða þar til bærra aðila,
- f) gefa út viðeigandi tegundarvottorð eða breytingar á þeim,
- g) gefa út vottorð fyrir íhluti og búnað,
- h) gefa út viðeigandi umhverfisvottorð,
- i) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð eða skirteini þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef lögaðili eða einstaklingur, sem er handhafi vottorðsins eða skirteinisins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar,
- j) tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfara, hreyfla eða loftrúfna og íhluta þeirra og búnaðar sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað, þ.m.t. að bregðast við öryggisvandamálum án ótilhlýðilegrar tafar og gefa út og miðla viðeigandi upplýsingum sem skylt er að veita.

2. Að því er varðar fyrirtæki skal Flugöryggisstofnunin:

- a) annast skoðun og úttekt fyrirtækja sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með hjálp flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða viðurkenndra aðila,
- b) gefa út og endurnýja skirteini til:
 - i) hönnunarfyrirtækja, eða
 - ii) framleiðslufyrirtækja, sem eru á yfirráðasvæði aðildarríkja, ef viðkomandi aðildarríki óskar þess, eða
 - iii) framleiðslufyrirtækja og viðhaldsstöðva sem eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,
- c) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi fyrirtækjaskirteini þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef viðkomandi fyrirtæki rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

16. gr.

Eftirlit með beitingu reglna

1. Flugöryggisstofnunin skal annast eftirlit með stöðlun á sviðum sem falla undir 1. mgr. 1. gr. til að hafa eftirlit með því hvernig flugmálayfirvöld aðildarríkjanna beita þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar og skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu þar að lútandi.

2. Flugöryggisstofnunin skal annast tæknilegar rannsóknir til að hafa eftirlit með því hvort beiting þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar skilar árangri, að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru fram í 2. gr.

3. Hafa skal samráð við Flugöryggisstofnunina og hún skal skila álitu til framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 10. gr.

4. Vinnuaðferðir Flugöryggisstofnunarinnar við lausn verkefnanna, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., verða háðar kröfum sem samþykktar verða í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 54. gr., að teknu tilliti til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 43. og 44. gr.

17. gr.

Rannsóknir

1. Með fyrirvara um lög Bandalagsins er Flugöryggisstofnuninni heimilt að framkvæma og fjármagna rannsóknir svo fremi að þær séu stranglega takmarkaðar við úrbætur í starfsemi á valdsviði hennar.

2. Flugöryggisstofnunin skal samræma rannsóknar- og þróunarvinnu sína við rannsóknar- og þróunarvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til að tryggja samræmi í stefnu og aðgerðum allra aðila.

3. Birta skal niðurstöður rannsókna sem Flugöryggisstofnunin hefur fjármagnað, að því tilskildu að hún flokki þær ekki sem trúnaðarmál.

18. gr.

Alþjóðasamskipti

1. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða Bandalagið og aðildarríki þess í samskiptum þeirra við þriðju lönd í samræmi við viðeigandi lög Bandalagsins. Einkum skal aðstoða við samræmingu reglna og við gagnkvæma viðurkenningu að því er varðar samþykki sem staðfestir að reglum sé beitt á fullnægjandi hátt.

2. Flugöryggisstofnunin getur átt samvinnu við flugmálayfirvöld þriðju landa og alþjóðastofnanir, sem starfa á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til, innan ramma samstarfssamninga sem gerðir eru við þessa aðila í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans.

3. Flugöryggisstofnunin skal aðstoða aðildarríkin við að rækja alþjóðlegar skyldur sínar, einkum samkvæmt Chicago-samningnum.

II. ÞÁTTUR

INNRA SKIPULAG

19. gr.

Réttarstaða, staðsetning og staðarskrifstofur

1. Flugöryggisstofnunin er Bandalagsstofnun. Hún hefur réttarstöðu lögaðila.

2. Flugöryggisstofnunin skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum. Hún getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og tekið þátt í málarekstri.

3. Flugöryggisstofnunin getur komið sér upp staðarskrifstofum í aðildarríkjunum ef þau samþykkja það.

4. Forstjórnin er í forsvari fyrir Flugöryggisstofnunina.

20. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna, ráðningarskilmálar annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og reglur, sem stofnanir Evrópubandalaganna hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsreglum og ráðningarskilmálum, gilda um starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar, sbr. þó beitingu 33. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar kerunefndarmenn.

2. Með fyrirvara um 30. gr. skal Flugöryggisstofnunin hafa það vald gagnvart starfsfólki sínu sem yfirvaldi, sem skipar í stöður, er fengið samkvæmt starfsmannareglum og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna.

3. Meðal starfsfólks Flugöryggisstofnunarinnar skulu vera embættismenn sem framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin tilnefna eða senda til stjórnunarstarfa og er fjöldi þeirra stranglega takmarkaður. Við lausn verkefna sinna ræður Flugöryggisstofnunin annað starfsfólk eftir þörfum.

21. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Flugöryggisstofnunina.

22. gr.

Bótaábyrgð

1. Bótaábyrgð Flugöryggisstofnunarinnar í samningamálum skal háð þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning.

2. Dómstóll Evrópubandalaganna skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem Flugöryggisstofnunin hefur gert.

3. Þegar um er að ræða bótaábyrgð sem er ekki sammingsbundin ber Flugöryggisstofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem deildir eða starfsfólk hennar kunna að valda við skyldustörf sín.

4. Dómstóllinn fer með dómsvald í deilumálum um bætur vegna tjóns sem um getur 3. mgr.

5. Persónuleg bótaábyrgð starfsfólks gagnvart Flugöryggisstofnuninni lýtur þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum eða ráðningarskilmálum er gilda um starfsfólk Flugöryggisstofnunarinnar.

23. gr.

Birting skjala

1. Með fyrirvara um ákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli 290. gr. sáttmálans, skulu eftirfarandi skjöl lögð fram á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins:

- a) öryggisskýrslan sem um getur í 4. mgr. 11. gr.,
- b) álitstærðir sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 14. gr.,
- c) almenna ársskýrslan og starfsáætlunin sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 24. gr.

2. Þýðingamiðstöðin, sem þjónar stofnunum Evrópusambandsins, annast nauðsynlegar þýðingar vegna starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

24. gr.

Heimildir stjórnar

1. Flugöryggisstofnunin skal hafa stjórn.
2. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal:
 - a) skipa forstjóra og síðan framkvæmdastjóra á grundvelli tillögu frá forstjóra í samræmi við 30. gr.,
 - b) samþykkja almenna skýrslu Flugöryggisstofnunarinnar fyrir næstliðið ár fyrir 31. mars ár hvert og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna,
 - c) samþykkja starfsáætlun Flugöryggisstofnunarinnar fyrir næsta ár fyrir 30. september ár hvert, að fengnu álitum framkvæmdastjórnarinnar, og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna; þessi starfsáætlun skal samþykkt með fyrirvara um árlega fjárlagagerð Bandalagsins og áætlun Bandalagsins um lagasetningu á viðkomandi sviðum flugöryggis,
 - d) samþykkja viðmiðunarreglur um úthlutun vottunarverkefna til flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða viðurkennndra aðila í samráði við framkvæmdastjórnina,
 - e) koma á málmeðferð fyrir ákvarðanatöku forstjórans eins og um getur í 43. og 44. gr.,

- f) rækja hlutverk sitt með tilliti til fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar skv. 48., 49. og 52. gr.,
- g) skipa í kærunefnd skv. 32. gr.,
- h) vera yfir forstjóra sett og einnig, í samráði við forstjóra, yfir framkvæmdastjóra,
- i) gefa álit sitt á reglugerðinni um þóknarir og gjöld sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,
- j) setja sér starfsreglur,
- k) ákveða tungumálanotkun fyrir Flugöryggisstofnunina,
- l) bæta við skjalaskrána, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., eftir því sem við á,
- m) ákveða stjórnskipulag og samþykka starfsmannastefnu Flugöryggisstofnunarinnar.

3. Stjórninni er heimilt að veita forstjóra ráðgjöf í öllum málum sem eingöngu tengjast áætlunum um þróun flugöryggis, þ.m.t. rannsóknir eins og lýst er í 17. gr.

4. Stjórnin skal koma á fót ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila og skal hafa samráð við hana áður en hún tekur ákvarðanir í þeim málum sem um getur í c-, e-, f- og i-lið 2. mgr. Stjórnin getur einnig ákveðið að hafa samráð við ráðgjafarnefndina um önnur málefni sem um getur í 2. og 3. mgr. Álit ráðgjafarnefndarinnar er ekki bindandi fyrir stjórnina.

25. gr.

Skipan stjórnar

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og einum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Því skal hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin tilnefna stjórnarmann og varamann sem er fulltrúi stjórnarmanns í fjarveru hans. Skipunartími er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.
2. Þátttaka fulltrúa þriðju landa í Evrópu og skilyrði fyrir henni skulu vera með því fyrirkomulagi sem um getur í 55. gr. eftir því sem við á.

26. gr.

Formenska stjórnar

1. Stjórnin kys formann og varaformann úr sínum röðum. Varaformaður kemur í krafti embættis síns í stað formanns í forföllum hans.
2. Skipunartíma formanns og varaformanns lýkur þegar stjórnarsetu þeirra lýkur. Með fyrirvara um þetta ákvæði skal skipunartími formanns eða varaformanns vera þrjú ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

27. gr.

Fundir

1. Formaður stjórnar boðar til fundar.
2. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar tekur þátt í umræðum.
3. Stjórnin skal halda minnst tvo almenna fundi á ári. Að auki kemur stjórnin saman að frumkvæði formanns eða að beiðni a.m.k. þriðju hluta stjórnarmanna.
4. Stjórnin getur boðið öllum, sem kunna að hafa áhugaverð sjónarmið, að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar.
5. Með fyrirvara um ákvæði starfsreglna stjórnarinnar er stjórnarmönnum heimilt að leita aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga.
6. Flugöryggisstofnunin annast skrifstofuhald stjórnar.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla

1. Stjórnin skal taka ákvarðanir með atkvæðum tveggja þriðju hluta stjórnarmanna, sbr. þó 1. mgr. 30. gr. Ákvarðanir, sem um getur í k-lið 2. mgr. 24. gr., skulu teknar með einróma samþykki fari einhver stjórnarmanna þess á leit.
2. Hver stjórnarmaður greiðir eitt atkvæði. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar greiðir ekki atkvæði. Í fjarveru stjórnarmanns hefur varamaður hans rétt til að neyta atkvæðisréttar síns.
3. Í starfsreglum skal kveða nánar á um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, einkum skilyrði fyrir því að stjórnarmaður komi fram fyrir hönd annars stjórnarmanns og kröfur er varða það hversu margir skuli sækja fund til að hann teljist lögmætur, eftir því sem við á.

29. gr.

Störf og heimildir forstjóra

1. Forstjóri fer með stjórn Flugöryggisstofnunarinnar og skal vera algerlega óháður öðrum við embættisfærslu sína. Með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar og stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar skal forstjórinn hvorki óska eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnunum né öðrum aðilum.
2. Evrópuþingið eða ráðið getur skorað á forstjóra Flugöryggisstofnunarinnar að skýra frá störfum sínum.
3. Hlutverk og valdsvið forstjóra skal vera sem hér segir:
 - a) að samþykka ráðstafanir Flugöryggisstofnunarinnar skv. 13. og 15. gr., innan þeirra marka sem tilgreint er í þessari reglugerð, reglum til framkvæmdar henni og viðeigandi lögum,

- b) að taka ákvarðanir um skoðun og rannsóknir eins og kveðið er á um í 45. og 46. gr.,
- c) að úthluta vottunarverkefnum til flugmálayfirvalda aðildarríkja eða þar til bærra aðila í samræmi við viðmiðunarreglur sem stjórn Flugöryggisstofnunarinnar setur,
- d) að sjá um alþjóðleg verkefni og tæknisamvinnu við þriðju lönd skv. 18. gr.,
- e) að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að Flugöryggisstofnunin starfi í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, þ.m.t. að samþykkja innri stjórn-sýslufyrirmæli og birta auglýsingar,
- f) að semja ár hvert drög að almennri skýrslu og leggja hana fyrir stjórnina,
- g) að fara með það vald gagnvart starfsmönnum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 20. gr.,
- h) að taka saman áætlun um tekjur og gjöld Flugöryggisstofnunarinnar skv. 48. gr. og framkvæma fjárhagsáætlun skv. 49. gr.,
- i) að fela öðrum starfsmönnum Flugöryggisstofnunarinnar umboð sitt, sbr. þó reglur sem samþykktar verða í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 54. gr.,
- j) að taka ákvarðanir, með samþykki stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar, um stofnun staðarskrifstofa í aðildarríkjunum í samræmi við 3. mgr. 19. gr.

30. gr.

Skipun yfirmanna

1. Forstjóri Flugöryggisstofnunarinnar skal skipaður á grundvelli verðleika og skjalfestrar hæfni og reynslu á sviði almenningsflugs en stjórn Flugöryggisstofnunarinnar getur sagt honum upp störfum að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Stjórnin skal taka ákvörðun með þremur fjórðu hlutum stjórnarmanna.
2. Forstjórinn getur notið aðstoðar eins eða fleiri framkvæmdastjóra. Einn af framkvæmdastjórnunum skal koma í stað forstjóra í fjarveru hans eða forföllum.
3. Framkvæmdastjórnar Flugöryggisstofnunarinnar skulu skipaðir á grundvelli starfshæfni á sviði almenningsflugs en stjórn stofnunarinnar getur sagt þeim upp störfum að tillögu forstjóra.
4. Skipunartími forstjóra og framkvæmdastjóra er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

31. gr.

Heimildir kærunefndar

1. Innan Flugöryggisstofnunarinnar skulu vera ein eða fleiri kærunefndir.
2. Kærunefnd eða -nefndir skulu taka ákvarðanir um kæru ákvarðana sem um getur í 35. gr.

3. Kærunefnd eða -nefndir skulu kallaðar saman eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdastjórnin ákveður fjölda kærunefnda og verkaskiptingu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 54. gr.

32. gr.

Skipun kærunefndar

1. Í kærunefnd skulu sitja formaður og tveir aðrir nefndarmenn.

2. Formaðurinn og nefndarmennirnir tveir skulu hafa varamenn sem koma í stað þeirra í fjarveru þeirra.

3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skipar formann, aðra nefndarmenn og varamenn þeirra af skrá yfir hæfa umsækjendur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

4. Kærunefnd getur óskað eftir tveimur nefndarmönnum til viðbótar af framangreindri skrá telji hún að kærnan sé þess eðlis að ástæða sé til þess.

5. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða hæfiskröfur nefndarmenn hverrar kærunefndar skuli uppfylla, heimildir einstakra nefndarmanna á undirbúningsstigi ákvarðana og reglur um atkvæðagreiðslu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 54. gr.

33. gr.

Kærunefndarmenn

1. Skipunartími kærunefndarmanna, þ.m.t. formanns og varanefndarmanna, er fimm ár. Heimilt er að endurnýja skipunartímann.

2. Kærunefndarmenn skulu vera óháðir öðrum. Þeir skulu ekki bundnir af fyrimælum við ákvarðanatöku sína.

3. Kærunefndarmönnum er ekki heimilt að sinna öðrum skyldustörfum hjá Flugöryggisstofnuninni. Starf kærunefndarmanna má vera hlutastarf.

4. Ekki er hægt að segja kærunefndarmönnum upp störfum eða taka þá af skránni á skipunartíma þeirra nema mikilvægar ástæðar séu fyrir því og framkvæmdastjórnin taki ákvörðun þar að lútandi að fengnu álití stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar.¹

34. gr.

Vanhæfi og vefenging

1. Kærunefndarmönnum er óheimilt að taka þátt í kærumeðferð hafi þeir þar einkahagsmuna að gæta eða hafi þeir áður komið að málinu sem fulltrúar einhvers aðilanna að kærumeðferðinni eða hafi þeir átt þátt í að taka ákvörðunina sem kærð er.

2. Telji kærunefndarmaður að ekki sé rétt að hann taki þátt í kærumeðferð af þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 1. mgr., eða af einhverri annari ástæðu skal hann tilkynna kærunefnd um það.

3. Hverjum aðila að kærumeðferðinni er heimilt að vefengja tiltekna kærunefndarmenn með skirskotun í ástæðu

sem nefnd er í 1. mgr. eða ef þeir eru grunaðir um hlutdrægni. Vefenging skal ekki tekin til greina ef viðkomandi aðili að kærumeðferðinni hefur hafið málsmeðferð þótt hann hafi haft vitneskju um að ástæða var til vefengingar. Vefenging má ekki byggjast á þjóðerni nefndarmanna.

4. Kærunefnd ákveður, án þátttöku viðkomandi kærunefndarmanns, hvað skuli gert í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. Við töku þessarar ákvörðunar tekur varamaður viðkomandi nefndarmanns sæti hans í kærunefnd.

35. gr.

Ákvarðanir sem heimilt er að kæra

1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Flugöryggisstofnunar sem teknar eru skv. 15., 46. eða 53. gr.

2. Kæra, sem lögð er fram skv. 1. mgr., hefur ekki áhrif til frestunar. Flugöryggisstofnuninni er þó heimilt að fresta beitingu hinnar umdeildu ákvörðunar telji hún að aðstæður leyfi það.

3. Einungis er unnt að kæra ákvörðun, sem bindur ekki enda á málsmeðferð að því er varðar einn málsaðilanna, ef hún er kærð í tengslum við kæru lokaákvörðunarinnar, nema kveðið sé á um það í ákvörðuninni að hana megi kæra sérstaklega.

36. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að kæra

Einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að kæra ákvörðun, sem beint er að þeim, eða ákvörðun sem varðar þá beint eða óbeint þótt henni sé beint að öðrum aðila. Málsaðilum er heimilt að vera aðilar að kærumeðferðinni.

37. gr.

Tímamörk og formkröfur

Kæran og rökin fyrir henni skulu lögð skriflega fyrir Flugöryggisstofnunina innan tveggja mánaða frá því að hlutadeigandi aðila barst tilkynning um ráðstöfunina eða, hafi hann enga tilkynningu fengið, innan tveggja mánaða frá því að hann fékk vitneskju um ráðstöfunina.

38. gr.

Bráðabirgðaendurskoðun

1. Álití forstjórnin kærana tæka og vel rökstudda getur hann breytt ákvörðuninni. Þetta á ekki við ef annar aðili að kærumeðferðinni er á öndverðum meiói við kæranda.

2. Ef ákvörðuninni er ekki breytt innan mánaðar frá því að Flugöryggisstofnunin berst rökstuðningur fyrir kærinni skal hún ákveða þegar í stað hvort fresta beri beitingu ákvörðunarinnar skv. öðrum málslið 2. mgr. 35. gr. og vísa kærinni til kærnefndar.

39. gr.

Rannsókn kæra

1. Ef kæra er tæk skal kærnefnd rannsaka hvort hún er vel rökstudd.

2. Kærnefnd skal vinna hratt að rannsókn kærunnar. Hún skal hvetja aðila að kærumeðferðinni, eins oft og þörf krefur og innan tiltekinna tímamarka, til að gera athugasemdir við tilkynningar sem hún sjálf leggur fram eða við tilkynningar frá öðrum aðilum að kærumeðferðinni. Aðilar að kærumeðferðinni skulu hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir.

40. gr.

Ákvörðun í kærumeðferð

Kærnefnd er heimilt að nýta sér allar heimildir á valdsviði Flugöryggisstofnunarinnar eða vísa málinu aftur til þar til bær aðila hjá stofnuninni. Ákvörðun kærnefndarinnar er bindandi fyrir þann aðila.

41. gr.

Höfðun máls fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna

1. Heimilt er að höfða mál fyrir dómstólum gegn ákvörðunum kærnefndar með þeim skilmálum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 230. gr. sáttmálans.

2. Láti Flugöryggisstofnunin hjá liða að taka ákvörðun er heimilt að höfða mál fyrir dómstólum vegna aðgerðaleyfis hennar með þeim skilmálum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 232. gr. sáttmálans.

3. Flugöryggisstofnunin er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta úrskurði dómstólsins.

42. gr.

Bein kæra

Aðildarríkin og stofnanir Bandalagsins geta kært ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar beint til dómstólsins.

III. ÞÁTTUR

STARFSADFERDIR

43. gr.

Málsmeðferð við samningu álitserða, vottunarforskrifta og leiðbeininga

1. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal, eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessarar reglugerðar, koma á gagnsæri málsmeðferð við útgáfu álitserða, vottunarforskrifta

og leiðbeininga sem um getur í a- og b-lið 13. gr.

Slík málsmeðferð skal:

- a) byggjast á fyrirbyggjandi sérþekkingu hjá flugmálafyrirvöldum aðildarríkanna,
- b) ef þörf krefur, fela í sér þátttöku viðkomandi sérfræðinga frá viðeigandi hagsmunaaðilum,
- c) tryggja að Flugöryggisstofnunin birti skjöl og hafi viðtækt samráð við hagsmunaaðila í samræmi við tímaáætlun og málsmeðferð sem skyldar Flugöryggisstofnunina til að veita skrifleg svör í samráðsferlinu.

2. Þegar Flugöryggisstofnunin semur álitserðir, vottunarforskriftir og leiðbeiningar skv. 14. gr. sem aðildarríkjum ber að fara eftir skal hún koma á málsmeðferð um samráð við aðildarríkin. Henni er heimilt í þessu skyni að stofna starfshóp og skal hvert aðildarríki hafa rétt til að tilnefna sérfræðing í hann.

3. Ráðstafanir, sem um getur í a- og b-lið 13. gr., og málsmeðferð, sem komið er á skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal birta í opinberu riti Flugöryggisstofnunarinnar.

4. Koma skal á sérstakri málsmeðferð til að Flugöryggisstofnunin geti þegar í stað brugðist við öryggisvanda, sem upp kemur, og til að hún geti tilkynnt viðeigandi hagsmunaaðilum til hvaða aðgerða þeir skuli grípa.

44. gr.

Málsmeðferð við ákvarðanatöku

1. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal koma á gagnsæri málsmeðferð við töku einstakra ákvarðana eins og kveðið er á um í c-lið 13. gr.

Slík málsmeðferð skal:

- a) tryggja að einstaklingar og lögaðilar, sem ákvörðuninni er beint að, og aðrir málsaðilar, sem hafa beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós,
- b) kveða á um að ákvörðun skuli tilkynnt viðkomandi einstaklingi eða lögaðila og birt,
- c) kveða á um upplýsingar til einstaklingsins eða lögaðilans, sem ákvörðunin beinist að, og annarra málsaðila um úrræði sem þeim standa til boða samkvæmt lögum og samkvæmt þessari reglugerð,
- d) tryggja að ákvörðunin sé rökstudd.

2. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal einnig koma á málsmeðferð þar sem tilgreint er hvernig ákvörðun skal tilkynnt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til kærumeðferðarinnar.

3. Koma skal á sérstakri málsmeðferð til að Flugöryggisstofnunin geti þegar í stað brugðist við öryggisvanda, sem upp kemur, og til að hún geti tilkynnt viðeigandi hagsmunaaðilum til hvaða aðgerða þeir skuli grípa.

45. gr.

Skoðun í aðildarríkjunum

1. Með fyrirvara um framkvæmdarvaldið sem framkvæmdastjórninni er falið í sáttmálanum skal Flugöryggisstofnunin aðstoða framkvæmdastjórnina við eftirlit með beitingu þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar með því að annast eftirlit með stöðlun af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna eins og tilgreint er í 1. mgr. 16. gr. Embættismenn, sem hafa heimild samkvæmt þessari reglugerð, og innlend yfirvöld hafa í þessu skyni og í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis vald til þess:

- a) að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, málsmeðferð og annað efni sem hefur áhrif á það hvort takast megi að koma á flugöryggi sem er í samræmi við þessa reglugerð,
- b) að taka afrit af eða útdrætti úr slíkum skrár, gögnum, málsmeðferð eða öðru efni,
- c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,
- d) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land eða í öll farartæki sem eru málinu viðkomandi.

2. Embættismenn hjá Flugöryggisstofnuninni, sem hafa heimild til skoðunar, skulu, þegar þeir gegna embættisskyldu sinni, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur skoðunar svo og hvaða dag skoðun hefst. Flugöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um skoðunina með góðum fyrirvara og hverjir hinir viðurkenndu embættismenn eru.

3. Viðkomandi aðildarríki skal fallast á slíka skoðun og skal sjá til þess að viðeigandi aðilar eða einstaklingar geri það einnig.

4. Þegar skoðun samkvæmt þessari grein felur í sér skoðun fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja gilda ákvæði 46. gr. Andmæli fyrirtæki skoðun skal hlutaðeigandi aðildarríki veita embættismönnum, sem Flugöryggisstofnunin hefur veitt heimild, nauðsynlega aðstoð til að gera þeim kleift að framkvæma skoðunina.

5. Koma skal skýrslum, sem eru samdar samkvæmt þessari grein, á framfæri á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem skoðun fór fram.

46. gr.

Rannsókn á fyrirtækjum

1. Við beitingu 15. gr. getur Flugöryggisstofnunin sjálf framkvæmt alla nauðsynlega rannsókn á fyrirtækjum eða falið hana innlendum flugmálayfirvöldum eða hæfum aðilum. Rannsókn skal háttað í samræmi við lagaákvæði aðildarríkisins þar sem hún á að fara fram. Í því skyni hafa aðilar með heimild samkvæmt þessari reglugerð vald til:

- a) að rannsaka viðeigandi skrár, gögn, málsmeðferð og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna Flugöryggisstofnunarinnar,

b) að taka afrit af eða útdrætti úr slíkum skrár, gögnum, málsmeðferð eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) að fara inn á athafnasvæði, land eða í farartæki viðkomandi fyrirtækis.

2. Aðilar, sem hafa heimild til þessara rannsókna, skulu, þegar þeir gegna embættisskyldu sinni, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur rannsóknarinnar.

3. Flugöryggisstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um rannsóknina með góðum fyrirvara, enda fari rannsóknin fram á yfirráðasvæði þess, og hverjir hinir viðurkenndu aðilar eru. Embættismenn hlutaðeigandi aðildarríkis skulu, að beiðni Flugöryggisstofnunarinnar, aðstoða viðurkenndu aðilana við skyldustörf þeirra.

47. gr.

Gagnsæi og upplýsingar

1. Flugöryggisstofnunin fellur undir reglugerð (EB) nr. 1049/2001 að því er varðar afgreiðslu umsókna um aðgang að skjölum í vörslu hennar.

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að veita upplýsingar að eigin frumkvæði á sviðum sem falla undir hlutverk hennar. Hún skal einkum sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái með skjötum hætti hlutlausar, áreiðanlegar og auðskiljanlegar upplýsingar um starf hennar til viðbótar við þá birtingu sem um getur í 3. mgr. 43. gr.

3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal ákveða fyrirkomulag á beitingu 1. og 2. mgr.

4. Öllum einstaklingum eða lögaðilum er heimilt að beina erindum skriflega til Flugöryggisstofnunarinnar á hverju því tungumáli sem um getur í 314. gr. sáttmáls. Hann eða hún á rétt á að fá svar á sama tungumáli.

IV. ÞÁTTUR

FJÁRHAGSLEGAR KRÖFUR

48. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Flugöryggisstofnunin hefur tekið af:

a) fjárframlögum frá Bandalaginu og þriðju löndum í Evrópu sem Bandalagið hefur gert samninga við sem um getur í 55. gr.,

b) þóknunum frá umsækjendum og handhöfum skirteina og samþykkis sem Flugöryggisstofnunin gefur út, og

c) innheimtum gjöldum fyrir útgefið efni, þjálfun og aðra þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.^{e+}

2. Til gjalda Flugöryggisstofnunarinnar skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, innviða og rekstrar.

3. Forstjórinn skal gera áætlun um tekjur og gjöld Flugöryggisstofnunarinnar fyrir komandi fjárhagsár og senda hana til stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar ásamt yfirliti um stöðugildi.

4. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

5. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skal stjórnin samþykka drög að fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi og drög að verkefnaáætlun, og senda til framkvæmdastjórnarinnar og ríkjanna sem Bandalagið hefur gert þá samninga við sem um getur í 55. gr.

Á grundvelli þessara draga skal framkvæmdastjórnin fella viðeigandi fjárhagsáætlun inn í drögin að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins sem henni ber að leggja fyrir ráðið skv. 272. gr. sáttmálans. Ekki skal farið út fyrir ramma samþykkrar fjárlagaáætlunar Bandalagsins.

Þegar ríkin, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafa fengið þessi drög gera þau frumdrög að sinni fjárhagsáætlun.

6. Þegar fjárveitingavaldið hefur samþykkt almenn fjárlög skal stjórn Flugöryggisstofnunarinnar samþykka endanlega fjárhagsáætlun og verkefnaáætlun fyrir stofnunina og laga þær eftir þörfum að framlagi Bandalagsins. Flugöryggisstofnunin skal tafarlaust senda þær til framkvæmdastjórnarinnar og fjárveitingayfirvaldsins.

7. Við breytingar á fjárhagsáætluninni, þ.m.t. yfirlitið um stöðugildi, skal fylgja málsmeðferðinni sem um getur í 5. mgr.

49. gr.

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Eftirlit með skuldbindingum og greiðslum á öllum gjöldum og eftirlit með ákvörðun tekjustofna og innheimtu tekna Flugöryggisstofnunarinnar skal vera í höndum fjármálastjóra framkvæmdastjórnarinnar.

3. Eigi síðar en 31. mars ár hvert skal forstjórinn senda framkvæmdastjórninni, stjórn Flugöryggisstofnunarinnar og endurskoðunarréttinum sundurliðuð reikningsskil yfir allar tekjur og gjöld frá næstliðnu fjárhagsári.

Endurskoðunarrétturinn fer yfir reikningsskilin í samræmi við 248. gr. sáttmálans. Hann skal birta árlega skýrslu um starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar.

4. Evrópuþingið skal, að fengnum tilmælum ráðsins, leysa forstjóra Flugöryggisstofnunarinnar undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar.

50. gr.

Barátta gegn svikum

1. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB)

nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópuskrifstofnunar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽¹⁾ gilda án takmarkana.

2. Flugöryggisstofnunin skal gerast aðili að samstarfs-samningi milli stofnana frá 25. maí 1999 um innri rannsóknir Evrópuskrifstofnunar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽²⁾ og skal þegar í stað setja viðeigandi ákvæði sem gilda skulu um alla starfsmenn Flugöryggisstofnunarinnar.

3. Í ákvörðunum um fjármögnun og í samningum og gerningum til framkvæmdar þessum ákvörðunum skal sérstaklega mælt fyrir um að endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofnunni um aðgerðir gegn svikum sé heimilt að gera vettvangsskoðun, ef þörf krefur, hjá þeim sem fá fé frá Flugöryggisstofnuninni og þeim aðilum sem annast úthlutun þess.

51. gr.

Mat

1. Innan þriggja ára frá því að Flugöryggisstofnunin hefur starfsemi sína og á fimm ára fresti þaðan í frá skal stjórn stofnunarinnar láta utanaðkomandi aðila gera sjálfstætt mat á framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Við matið skal rannsaka hve vel Flugöryggisstofnunin gegnir hlutverki sínu. Einnig skal þar meta áhrif þessarar reglugerðar og Flugöryggisstofnunarinnar og starfsvenja hennar að því er varðar að koma á öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu. Við matið skal hafa hliðsjón af sjónarmiðum hagsmunaaðila, bæði á evrópskum og innlendum vettvangi.

3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal taka við niðurstöðum matsins og beina tilmælum um breytingar á þessari reglugerð og Flugöryggisstofnuninni og starfsvenju hennar til framkvæmdastjórnarinnar en hún getur sent þær Evrópuþinginu og ráðinu ásamt sínu álit og viðeigandi tillögum. Þessu getur fylgt tímasett aðgerðaáætlun ef við á. Birta skal niðurstöður matsins og tilmælin opinberlega.

52. gr.

Fjárhagsákvæði

Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar og álit endurskoðunarráttarins skal stjórn Flugöryggisstofnunarinnar samþykka fjárhagsreglugerð Flugöryggisstofnunarinnar, þar sem einkum skal tilgreina málsmeðferðina sem nota skal við gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar, í samræmi við 142. gr. fjárhagsreglugerðarinnar sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna.

53. gr.

Reglugerð um þóknarir og gjöld

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykka reglugerð um þóknarir og gjöld í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr. og að höfdu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Í reglugerðinni um þóknarir og gjöld skal einkum til taka fyrir hvað þóknarir og gjöld skv. 1. mgr. 48. gr. skuli innheimt, fjárhæð þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðsla þeirra skuli fara fram.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 15.

3. Þóknanir og gjöld skulu tekin fyrir:
 - a) útgáfu og endurnýjun vottorða og skírteina og tilheyrandi, viðvarandi eftirlitsstarfsemi,
 - b) veitingu þjónustu; þau skulu endurspegla raunkostnað þjónustunnar hverju sinni,
 - c) afgreiðslu kæra.

Allar þóknanir og gjöld skulu gefin upp og greidd í evrum.

4. Fjárhæð þóknana og gjalda skal ákveðin þannig að tryggt sé að tekjur af þeim nægi að jafnaði til að greiða fullan kostnað af veittri þjónustu.

Heimilt er að framlagið, sem um getur í 1. mgr. 48. gr., nægi, á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember á fjórða ári frá gildistöku þessarar reglugerðar, fyrir kostnaði vegna fyrsta starfstímabils Flugöryggisstofnunarinnar. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr., er heimilt, ef þörf krefur, að framlengja þetta tímabil í hæsta lagi um eitt ár.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

54. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 6. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áður en hún tekur ákvörðun.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í b-lið 6. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

Þegar aðildarríki vísar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þriggja mánaða.

5. Nefndin setur sér starfsreglur.

55. gr.

Þátttaka þriðju landa í Evrópu

Þriðju löndum í Evrópu er frjálst að taka þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar ef þau eru aðilar að Chicago-samningnum og hafa gert samninga við Evrópubandalagið

sem fela í sér samþykkt og beitingu laga Bandalagsins á þeim sviðum sem reglugerð þessi og reglur um framkvæmd hennar taka til.

Samkvæmt viðeigandi ákvæðum þessara samninga verður komið á fyrirkomulagi þar sem tilgreint er m.a. eðli og umfang og itarlegar reglur um þátttöku þessara landa í starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar, þ.m.t. ákvæði um fjárframlög og starfsfólk.

56. gr.

Flugöryggisstofnunin tekur til starfa

1. Frá 28. september 2003 skal Flugöryggisstofnunin annast vottunarverkefnið sem henni ber skylda til að sjá um skv. 15. gr. Fram til þess dags skulu aðildarríkin halda áfram að framfylgja gildandi lögum og reglugerðum.

2. Á aðlögunartímabili, sem bætist við og er 42 mánuðir frá deginum sem um getur í 1. mgr., er aðildarríkjnum heimilt að halda áfram að gefa út vottorð, skírteini og samþykki þrátt fyrir ákvæði 5., 6., 9. og 15. gr. og með þeim skilyrðum sem framkvæmdastjórnin tilgreinir í reglum um framkvæmd þessara greina. Þegar aðildarríkin gefa út vottorð og skírteini í þessu sambandi, á grundvelli vottorða og skírteina sem þriðju lönd hafa gefið út, skal í framkvæmdarreglum framkvæmdastjórnarinnar tekið tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 2. mgr. 9. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 43. gr. og uns grunnkröfur hafa verið samþykktar í samræmi við 7. gr. kann vinna Flugöryggisstofnunarinnar við samsvarandi verkefni að heyrna undir verklagsreglur sem samið er um við Flugöryggissamtök Evrópu.

57. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 80/51/EBE og II. viðauki við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 falli úr gildi frá 28. september 2003.

2. Ákvæði 8. gr. gilda um loftför, hreyfla og loftskrúfur, íhluti og búnað og fyrirtæki og aðila sem hafa fengið vottun í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

58. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 5. og 6. gr. gilda frá þeim dögum sem tilgreindir eru í framkvæmdarreglum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um lofthæfi sem um getur í 5. gr.

1. Heilleiki loftfara, hreyfla og loftskrúfna (products): Tryggja verður heilleika loftfara, hreyfla og loftskrúfna við öll fyrirsjáanleg flugsilyrði á endingartíma loftfarsins. Sýna verður fram á með mati eða greiningu, sem studd er prófunum þegar þess er þörf, að allar kröfur hafi verið uppfylltar.
- 1.a. Burðarvirki og efni: heilleiki burðarvirkis skal tryggður innan alls starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, þ.m.t. knúningskerfi loftfarsins, og skal viðhaldið á endingartíma loftfarsins.
 - 1.a.1. Allir íhlutir loftfars verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði án skaðlegrar formbreytingar eða brots ef brot þeirra gæti dregið úr heilleika burðarvirkis. Undir þetta falla allir íhlutir, sem hafa massa sem skiptir máli, og búnaður til að halda þeim.
 - 1.a.1.a. Taka verður tillit til hvers kyns samsetningar álags, sem eðlilegt er að gera ráð fyrir, innan og nægilega langt út fyrir þyngdarmörk, þyngdarmiðjusvið, starfræksluramma og endingartíma loftfarsins. Undir þetta fellur hviðúlag, álag vegna flugbragða, þrýstingsjöfnunar, hreyfanlegra flata og stýri- og knúningskerfa, jafnt í flugi sem á jörðu.
 - 1.a.1.b. Taka verður tillit til álags og líklegrar bilunar sem orsakast af nauðlendingu á láði eða legi.
 - 1.a.1.c. Taka verður tillit til kvikra áhrifa í svörun burðarvirkja við slíku álagi.
 - 1.a.2. Loftfarið skal vera laust við óstöðugleika vegna fjöðrunar lofts og óhóflegan titring.
 - 1.a.3. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði loftfarsins, verða að tryggja að burðareiginleikar þess séu þekktir og endurtakanlegir í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á efnishæfni í tengslum við starfræksluumhverfið.
 - 1.a.4. Áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis og skaða vegna óhappa eða staðbundinna skemmda mega ekki verða til þess að heilleiki burðarvirkis fari niður fyrir ásettanleg mörk fyrir þann styrk sem eftir er. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.
- 1.b. Knúningsafl: Sýna verður fram á heilleika knúningskerfisins (þ.e. hreyflis og, eftir atvikum, loftskrúfunnar), innan alls starfræksluramma knúningskerfisins og nægilega langt út fyrir hann, og viðhalda honum á endingartíma knúningskerfisins.
 - 1.b.1. Knúningskerfið verður að framleiða, innan tilgreindra marka, þann kný eða afl sem krafist er af því við öll tilskilin flugsilyrði, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og umhverfisskilyrða.
 - 1.b.2. Framleiðsluferlin og efnin, sem notuð eru við smíði knúningskerfisins, verða að tryggja að viðbrögð burðarvirkisins séu þekkt og endurtakanleg í framleiðslu. Gera verður grein fyrir öllum breytingum á hæfi efnisins í tengslum við starfræksluumhverfið.
 - 1.b.3. Áhrif lotuálags og neikvæð áhrif umhverfis- og starfræksluskiyrða og sennilegra bilana íhluta í framhaldi af því mega ekki verða til þess að heilleiki knúningskerfisins fari niður fyrir ásettanleg mörk. Koma verður á framfæri öllum nauðsynlegum leiðbeiningum til að tryggja áframhaldandi lofthæfi í þessu tilliti.
 - 1.b.4. Koma verður á framfæri öllum leiðbeiningum, upplýsingum og kröfum sem eru nauðsynlegar fyrir öruggan og réttan skilflöt milli knúningskerfisins og loftfarsins.
- 1.c. Kerfi og búnaður
 - 1.c.1. Loftfarið má ekki hafa hönnunareiginleika eða hönnunarþætti sem reynslan hefur sýnt að geta verið hættulegir.
 - 1.c.2. Loftfarið, þ.m.t. kerfin, tækin og búnaðurinn sem krafist er fyrir tegundarvottun eða samkvæmt starfrækslu-reglum, verður að starfa eins og ráðgert er við öll fyrirsjáanleg starfræksluskiyrði innan starfræksluramma loftfarsins og nægilega langt út fyrir hann, að teknu tilliti til starfræksluumhverfis kerfisins, tækisins eða búnaðarins. Önnur kerfi, tæki og búnaður, sem ekki er gerð krafa um við tegundarvottun eða samkvæmt starfrækslureglum, hvort sem þau starfa eðlilega eða ekki, mega ekki draga úr öruggi né hafa áhrif til hins verra á eðlilega starfsemi annars kerfis, tækis eða búnaðar. Kerfi, tæki og búnað verður að vera hægt að starfrækja án þess að til þess þurfi verulega leikni eða líkamsstyrk.

- 1.c.3. Kerfi, tæki og tilheyrandi búnaður í loftfari, hvort sem þau eru skoðuð hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi, verða að vera hönnuð á þann hátt að stök bilun, sem ekki hefur verið sýnt fram á að sé afar ósennilegt að geti orðið, valdi ekki neyðarástandi og þannig verður að ríkja öfugt samband milli líkinda á bilun og því hversu alvarleg áhrif bilunin hefur á loftfarið og þá sem í því eru. Með tilliti til viðmiðunarinnar hér að framan fyrir staka bilun er viðurkennt að taka verður tilhlýðilegt tillit til stærðar og heildarútfærslu loftfarsins og að þetta geti komið í veg fyrir að viðmiðuninni um staka bilun sé fylgt að því er varðar suma ihluti og sum kerfi í þyrlum og litlum loftförum.
- 1.c.4. Áhöfnin eða starfsfólk, sem annast viðhald, skal fá þær upplýsingar, eftir því sem við á, sem eru nauðsynlegar fyrir öruggt flug, og upplýsingar um ótryggt ástand á skýran, samkvæman og ótvíræðan hátt. Kerfi, búnað og stjórnæki, þ.m.t. skilti og tilkynningar, skal hanna og staðsetja þannig að sem minnst hætta sé á mistökum sem gætu leitt til þess að hættuástand skapaðist.
- 1.c.5. Gera skal varúðarráðstafanir með tilliti til hönnunar til að draga úr innri og ytri hættum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir að geti stöðjað að loftfarinu og þeim sem í því eru, þ.m.t. vernd gegn þeim möguleika að veruleg bilun eða truflun verði í einhverjum búnaði loftfarsins.
- 1.d. Áframhaldandi lofthæfi
- 1.d.1. Semja verður leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi til að tryggja að á endingartíma loftfarsins sé fylgt lofthæfistaðli samkvæmt tegundarvottun á loftfarinu.
- 1.d.2. Gefa verður kost á skoðun, stillingum, smurningu, fjarlægingu eða skiptum á ihlutum og búnaði eftir því sem nauðsynlegt er fyrir áframhaldandi lofthæfi.
- 1.d.3. Leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi skulu vera í formi handbókar eða handbóka eftir umfangi upplýsinganna sem veita þarf. Handbækur skulu vera með hagnýtu fyrirkomulagi og innihalda leiðbeiningar um viðhald og viðgerðir, þjónustuleiðbeiningar og reglur um verklag við bilanaleit og skoðun.
- 1.d.4. Í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi skulu tilgreindar lofthæfitakmarkanir þar sem fram komi tími fyrirskipaðra skipta á ihlutum, tíminn milli skoðana og tilheyrandi skoðunarreglur.
2. Þættir í starfrækslu loftfara, hreyfla og loftskrúfna sem varða lofthæfi
- 2.a. Sýna skal fram á að tekið hafi verið á eftirfarandi atriðum við starfrækslu viðkomandi loftfars, hreyfls eða loftskrúfu til að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir þá sem eru um borð eða á jörðu niðri.
- 2.a.1. Ákveða skal hvers konar starfrækslu loftfarið er samþykkt fyrir og þær takmarkanir og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, þ.m.t. takmarkanir og afköst við mismunandi umhverfisaðstæður.
- 2.a.2. Loftfarið skal vera viðráðanlegt með tilliti til öryggis og láta að stjórn við öll fyrirsjáanleg starfræksluskiylirði, þ.m.t. þótt bilun verði í einu eða, eftir atvikum, fleiri knúningskerfum. Taka skal tilhlýðilegt tillit til líkamsstyrks flugmanns, umhverfis í stjórnklefa, vinnuálags á flugmann og annarra mannglegra þátta og til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir.
- 2.a.3. Unnt skal vera að færa sig hnökralaust af einu stigi flugsins yfir á það næsta án þess að það útheimti verulega leikni flugmanns, árvekni, líkamsstyrk eða vinnuálag við þau starfræksluskiylirði sem gera má ráð fyrir.
- 2.a.4. Loftfarið skal vera nægilega stöðugt til að tryggt sé að ekki séu gerðar óhóflugar kröfur til flugmanns, að teknu tilliti til þess á hvaða stigi flugið er og hversu lengi það varir.
- 2.a.5. Setja verður verklagsreglur um eðlilega starfrækslu og um bilunar- og neyðaraðstæður.
- 2.a.6. Viðvaranir eða aðrar hindranir, sem koma eiga í veg fyrir að farið sé út fyrir eðlilegan fluggramma fyrir viðkomandi tegund, skulu vera til staðar.
- 2.a.7. Eiginleikar loftfarsins og kerfa þess verða að vera þannig að hægt sé að snúa aftur frá flugi á mörkum fluggramma á öruggan hátt.
- 2.b. Upplýsingar um takmarkanir á starfrækslu og aðrar upplýsingar, sem eru nauðsynlegar fyrir öryggi í starfrækslu, skulu vera tiltækar flugverjum.
- 2.c. Í starfrækslu skulu loftför, hreyflar og loftskrúfur vera varin gegn hættum vegna innri og ytri skilyrða, þ.m.t. umhverfisaðstæður.
- 2.c.1. Einkum mega ekki koma upp ótryggjar aðstæður sem stafa af fyrirbærum eins og m.a. slæmu veðri, eldingum, árekstrum við fugla, hátiðnisviðum, ósoni o.s.frv. sem eðlilegt er að gera ráð fyrir við starfrækslu loftfara, hreyfla eða loftskrúfna.

- 2.c.2. Farþegarymi skulu innréttuð þannig að farþegum sé tryggður viðeigandi ferðamáti og viðunandi vernd fyrir öllum hættum sem reikna má með að geti steðjað að þeim í starfrækslu eða orsakast af neyðaraðstæðum, þ.m.t. hætta sem stafar af eldi, reyk, eitruðum lofttegundum og skyndilegri þrýstingsmínnkun. Gera skal ráðstafanir til að gefa farþegum öll þau tækifæri, sem eðlileg geta talist, til að komast hjá alvarlegum meiðslum og yfirgefa loftfarið skjótt, og ráðstafanir til að vernda þá gegn áhrifum hraðamínnkunarkrafta ef nauðlenda þarf á landi eða vatni. Til staðar skulu vera skýr og ótvíðæð skilti eða fyrirmæli, eftir því sem nauðsyn krefur, til að leiðbeina þeim sem eru í flugvélinni um viðeigandi öryggishegðun og um staðsetningu og rétta notkun öryggisbúnaðar. Greiður aðgangur skal vera að tilskildum öryggisbúnaði.
- 2.c.3. Fyrirkomulag áhafnarklefa skal vera með þeim hætti að það auðveldi starfrækslu, þ.m.t. búnaður sem gerir áhöfnina meðvitaða um aðstæður, og einnig skal fyrirkomulagið auðvelda áhöfn að hafa stjórn á öllum fyrirsjáanlegum aðstæðum og neyðaraðstæðum. Umhverfi í áhafnarklefa má ekki gera áhöfninni erftit um vik að sinna störfum sínum og áhafnarklefinn skal hannaður þannig að komist verði hjá truflunum í starfi og rangri notkun stjórnækja.
3. Fyrirtæki (þ.m.t. einstaklingar sem taka að sér hönnun, framleiðslu eða viðhald)
- 3.a. Gefa skal út samþykki fyrir fyrirtæki þegar eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:
 - 3.a.1. Fyrirtækið skal hafa öll nauðsynleg tilföng miðað við umfang verksins. Þessi tilföng eru m.a. eftirfarandi: aðstaða, starfslið, tæki, tól og efniviður, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald.
 - 3.a.2. Fyrirtækið skal reka og viðhalda stjórnunarkerfi með það fyrir augum að tryggja samræmi við grunnkröfur um lofthæfi og vinna að því markmiði að bæta stöðugt þetta kerfi.
 - 3.a.3. Fyrirtækið skal koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að alltaf ríki samræmi við grunnkröfur um lofthæfi.
 - 3.a.4. Fyrirtækið skal koma á tilkynningarkerfi um atvik og/eða viðbragðskerfi fyrir atvik sem nota skal í stjórnunarkerfinu, sem um getur í lið 3.a.2, og í tengslum við fyrirkomulagið, sem um getur í lið 3.a.3, til að vinna að því markmiði að auka stöðugt öryggi loftfara, hreyfla eða loftskrúfna.
- 3.b. Skilyrðin skv. liðum 3.a.3 og 3.a.4 gilda ekki um stofnanir sem sjá um viðhaldsþjálfun.

II. VIÐAUKI

Löftför sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

Löftför, sem heyra ekki undir ákvæði 1. mgr. 4. gr., eru löftför sem ekki hafa fengið tegundarvottorð eða löftbæfivottorð á grundvelli þessarar reglugerðar og reglna um framkvæmd hennar og sem falla í cinn eftirtalinnna flokka:

- a) löftför sem hafa ótvírætt sögulegt gildi:
 - i) löftför sem eru hluti af sögulegum atburði, eða
 - ii) löftför sem eru dæmi um mikilvæg skref í þróun flugsins, eða
 - iii) löftför sem hafa gegnt stóru hlutverki í herjum aðildarríkis,og uppfylla eina eða fleiri eftirfarandi viðmiðana:
 - i) staðfest er að upprunaleg hönnun þeirra er meira en 40 ára gömul,
 - ii) framleiðslu þeirra var hætt fyrir minnst 25 árum,
 - iii) færri en 50 löftför með sömu grunnhönnun eru enn skráð í aðildarríkjunum,
 - b) löftför sem eru sérstaklega hönnuð eða hefúr verið breytt í rannsóknar- eða tilraunaskyni eða af vísindalegum ástæðum og sem líklegt er að verði framleidd í mjög takmörkuðu magni,
 - c) löftför sem eru smíðuð a.m.k. að 51 hundraðshluta í eigin þágu af leikmanni eða leikmannasamtökum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni né í viðskiptalegum tilgangi,
 - d) löftför sem voru upprunalega hönnuð fyrir hermað eingöngu,
 - e) flugvélar sem eru ekki með fleiri en tvö sæti og hafa ofrishaða í lendingarham eða minnsta stóðuga hraða í lendingarham, sem er að hámarki 35 hnúta sýndur flughraði (CAS), og hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er í mesta lagi:
 - i) 300 kg fyrir landfis með einu sæti, eða
 - ii) 450 kg fyrir landfis með tveimur sætum, eða
 - iii) 330 kg fyrir láðs- og lagarfis eða fis á flotum með einu sæti, eða
 - iv) 495 kg fyrir láðs- og lagarfis eða fis á flotum með tveimur sætum, að því tilskildu að hægt sé að nota fysið bæði sem fis á flotum og sem landfis og hámarksflugtaksmassi sé innan marka beggja flokka eftir því sem við á,
 - f) fis þar sem massi burðarvirkis er undir 80 kg, ef um einsætur er að ræða, en 100 kg ef um tvísætur er að ræða, þ.m.t. fis þar sem flugtak er af fæti,
 - g) ómönnuð löftför með rekstrarmassa sem er undir 150 kg,
 - h) önnur löftför með heildarmassa sem er undir 70 kg án flugmanns.
-

Fylgiskjal II.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2004**

2005/EES/26/19

frá 9. desember 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

ÁKVEDID EFTIRFARANDI:

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2004 frá 3. desember 2004 ⁽¹⁾.

2. gr.

2) Meginmarkmiðið með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽²⁾ er að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningslugi í Evrópu.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

3) Starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu getur haft áhrif á öryggisstig í almenningslugi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

4) Af þessum sökum ber að fella reglugerð (EB) nr. 1592/2002 inn í samninginn til þess að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kjartan Jóhannsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 10.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal III.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1643/2003**

frá 22. júlí 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almanningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópusambandsins, einkum
2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum endurskoðunarréttarins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samræma ber tiltekin ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almanningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽⁵⁾ við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽⁶⁾ (hér á eftir nefnd almenna fjárhagsreglugerðin), einkum 185. gr.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁷⁾ var mælt fyrir um meginreglur og takmarkanir að því er varðar aðgang að skjölum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.

3) Við samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 samþykktu þessar þrjár stofnanir sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að stofnunum og öðrum slíkum aðilum bæri að setja sér reglur sem samræmdust ákvæðum þeirrar reglugerðar.

4) Því ber að bæta viðeigandi ákvæðum inn í reglugerð (EB) nr. 1592/2002, þannig að reglugerð (EB) nr. 1049/2001 taki til Flugöryggisstofnunar Evrópu, og einnig ákvæði um kærur vegna synjunar um aðgang að skjölum.

5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 1592/2002 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1592/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í stað b-liðar 2. mgr. 24. gr. komi eftirfarandi:

„b) samþykkja ársskýrslu um starfsemi Flugöryggisstofnunarinnar og framsenda hana til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og aðildarríkjanna eigi síðar en 15. júní.

Flugöryggisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsniðurstöður“.

2. Á 47. gr. verði eftirfarandi breytingar:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (*) gildir um skjöl í vörslu Flugöryggisstofnunarinnar.

(*) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 85.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 285, 21.11.2002, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 85, 8.4.2003, bls. 64.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. júlí 2003.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1; leiðrétting í Stjtið. EB L 25, 30.1.2003, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal ákveða fyrirkomulag á beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (**).

(**) Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 7.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Ákvarðanir, sem Flugöryggisstofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfundunar fyrir dómstólnum skv. 195. gr. EB-sáttmálans í fyrra tilvikinu og 230. gr. í seinna tilvikinu.“

3. Á 48. gr. verði eftirfarandi breytingar:

a) Í stað 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Jöfnuður skal vera milli tekna og gjalda.

4. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum að fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld.

5. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi og drög að verkefnaáætlun, til framkvæmdastjórnarinnar og til þeirra ríkja sem Bandalagið hefur gert samninga við í samræmi við 6. mgr. 55. gr. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (sem hér á eftir eru nefnd fjárveitingavaldið) fjárhagsáætlunina ásamt drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

7. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella þá fjárhagsáætlun inn í fjárlagafrumvarp Evrópusambandsins, sem hún telur nauðsynlega fyrir yfirlitið um stöðugildi, og þá styrkfjárhæð sem veita skal af fjárlögum og leggur þetta fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„8. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Flugöryggisstofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykka yfirlitið um stöðugildi fyrir Flugöryggisstofnunina.

9. Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal samþykka fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal færa fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögin.

10. Hafi stjórn Flugöryggisstofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, svo sem kaup eða sölu bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álitu skal hann framsenda stjórn Flugöryggisstofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.“

4. Í stað 49. mgr. komi eftirfarandi:

„49. gr

Framkvæmd og eftirlit með fjárhagsáætlun

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Flugöryggisstofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Flugöryggisstofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar drög að reikningsskilum eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr drögum að reikningsskilum stofnana og sjálfstæða aðila í samræmi við 128. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Gjaldkeri framkvæmdastofnunarinnar skal senda endurskoðunarréttinum drög að reikningsskilum Flugöryggisstofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar forstjóra Flugöryggisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarráttarins við drögin að reikningsskilum stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila álitu um endanleg reikningsskil Flugmálastofnunarinnar.

6. Forstjórinn skal framsenda endanleg reikningsskil eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarrettarins ásamt álitum stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Forstjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins fyrir 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Flugöryggisstofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjórnann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.“

5. Í stað 52. mgr. komi eftirfarandi:

„52. gr.

Fjárhagsákvæði

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Flugöryggisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (*) nema sérstök þörf sé á slíku frávikum vegna reksturs Flugöryggisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

(*) Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72; leiðrétting í Stjtið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 39.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANN

forseti.

Fylgiskjal. IV**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1701/2003**

frá 24. september 2003

um aðlögun 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 skulu loftför, hreyflar og loftskráfur og íhlutir þeirra og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál (hér á eftir nefnd Chicago-samningurinn) í útgáfunni frá nóvember 1999, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Gerðar hafa verið breytingar á Chicago-samningnum og viðaukum við hann eftir að reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var samþykkt og því þarf að aðlagja 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr. sömu reglugerðar.

- 3) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 komi eftirfarandi:

„1. Loftför, hreyflar og loftskráfur og íhlutir þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá mars 2002, að því er varðar I. bindi, og nóvember 1999, að því er varðar II. bindi, að undanskildum viðbættunum við 16. viðauka.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 28. september 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.

SAMÞYKKT

um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Kattahald í þéttbýli í Rangárþingi ytra sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Rangárþings ytra. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Ennfremur skal eigandi eða umráðamaður kattar láta auðkenna hann varanlega með húðflúri í eyra eða örmerki í samræmi við 4. ml. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

3. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

4. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareigendum ber að greiða allt það tjón sem kettir þeirra valda og ber að greiða allan kostnað við að fjarlægja ketti sem eru á flækingi inni á lóðum eða þar sem þeir eiga ekki að vera, gerist þess þörf.

5. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

7. gr.

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Rangárþings ytra eða aðilum á þeirra vegum, er heimilt í umboði heilbrigðisnefndar, að handsama ketti. Hafi kattar ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

10. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að uppfylla ákvæði 2. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. ágúst 2005.

Umhverfissráðuneytinu, 13. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004, með síðari breytingum.

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er taki gildi 1. júlí 2005:

Verð á rúmmetra lækkar úr 95 kr. í 92 kr.

Fast gjald fylgir byggingarvísitölu.

Verðskrá 1. júlí 2005.

Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns.

Grunnverð	VSK	Samtals
kr.	kr.	kr.
92	4,89	96,89

Fast gjald fyrir hvern mæli:

Mælir	Grunnverð	VSK	Samtals
	kr./dag	kr./dag	kr./dag
15 mm	37,44	1,99	39,43
20 mm	80,23	4,27	84,50
25 mm	155,11	8,25	163,36
32 mm	299,53	15,93	315,46
40 mm	609,75	32,44	642,19
50 mm	1176,72	62,60	1.239,32

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2005.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

Kettir 2.879 kr.

Hundar að 20 kg þyngd 2.930 kr.

Hundar 20 kg þyngd og yfir 2.982 kr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 565/2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vesturvör 13, Kópavogi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að lóðin Vesturvör 13 á Kársnesi verður íbúðarsvæði í stað svæðis fyrir blandaða landnotkun (athafna- og stofnanasvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995 með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. breytist þannig að við bætast eftirtalin ný þjónustumerki:



E07.24 Hestakerruleiga

Merki þetta vísar á stað þar sem hægt er að leigja kerrur sem eru sérstaklega ætlaðar til flutnings á hestum.



E08.71 Barnaleikvöllur

Merki þetta vísar á leikvöll barna eða afgirt leiksvæði.

2. gr.

17. gr. breytist þannig að við bætist nýtt undirmerki sem hér segir:



J09.xx Leiðbeinandi hámarkshraði

Merki þetta er notað með nokkrum viðvörnumarkjum (A) og sýnir þann hámarksökkuhraða sem er ráðlagður á þeim vegarkafila sem viðvörun nær yfir. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan hraða. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið J09.50

3. gr.

1. mgr. 23. gr. verði svohljóðandi:

Miðlína (L1x-2x) er milli umferðar í gagnstæðar áttir. Veg utan þéttbýlis sem er með 5,5 m breiða akbraut eða breiðari skal marka með miðlínu. Óháð breidd akbrautar skal einnig marka akbraut með miðlínu þar sem vegsýn er takmörkuð, áður en komið er að gangbraut, stöðvunarlínu, umferðareyju, umferðarmerki á akbraut eða stað þar sem fyrirstaða er á akbraut. Miðlínur skulu vera 100-200 mm breiðar og eru þessar:

4. gr.

1. mgr. 24. gr. verði svohljóðandi:

Deililína (L3x) er milli umferðar í sömu átt á akbraut, enda sé breidd hvorrar reinar 2,75 m eða meiri. Línur sem marka akreinar fyrir almenna umferð skulu vera 100-150 mm breiðar en þær sem marka aðreinar, fráreinar eða akreinar fyrir sérstaka umferð, t.d. strætisvagna, skulu vera 200-300 mm breiðar. Deililínur eru þessar:

5. gr.


26. gr. verði sem hér segir:

Stýrilína (L44) er brotin lína sem nota má til þess að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð sem beygir á vegamótum. Stýrilínur skulu vera 100-200 mm breiðar.

6. gr.

31. gr. breytist sem hér segir:

Stefnuör (N2x). Áletranir (N3x). Stefnuör á akbraut bendir á þá akrein sem nota skal ef ætlunin er að aka í þá átt sem örin vísar. Önnur tákni, s.s. tákmyndir umferðarmerkja eða letur má setja á akbraut til að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðrum atriðum umferðinni viðkomandi. Miðja stefnuörva og áletrana skal alltaf vera á miðju akbrautar.



N25

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um afnám línuúvilnunar í ýsu.

1. gr.

Frá og með 4. júlí 2005 er felld niður línuúvilnun í ýsu, sem ákveðin var í reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni 2004/2005.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 8. mgr. 10. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2005.

F. h. r.

Pórður Eypórsson.

Kristinn Hugason.

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna ehf. Hitaveita.

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf., í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar Skv selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir Skv.

2. gr.

Skv láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Skv láta setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslis til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Skv ráða gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Skv breyta stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítra. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til Skv. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skulu Skv greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða Skv, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Skv reka nú þrjú aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Steinsstöðum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni (m^3 eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 243,20 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 1.227,00 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 1.833,80 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 975,80 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldtagi er

við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Skv fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

≤ 400 - 2.000 m ³	= 110.340 kr. f.	400 m ³	= 88,30 kr./m ³ þar yfir
2.000 - 6.000 m ³	= 251.620 kr. f.	2.000 m ³	= 82,70 kr./m ³ þar yfir
6.000 - 10.000 m ³	= 582.420 kr. f.	6.000 m ³	= 77,25 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10.000 m ³	= 891.420 kr. f.	10.000 m ³	= 55,20 kr./m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar.

Heimæðargjald Skv fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli:

Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

≤ 400 m ³	= 331.020 kr. f.	400 m ³	= 264,80 kr./m ³ þar yfir
----------------------	------------------	--------------------	--------------------------------------

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða 1.765 kr. fyrir hvern lengdar- metra heimæðar frá stofnæð umfram 100 metra.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er stjórn Skv heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. Skv setja upp slíka mæla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mæla- leigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

<i>Sauðárkróksveita:</i>	kr. 55,95
<i>Varmahlíðarveita:</i>	kr. 83,95
<i>Steinsstaðaveita:</i>	kr. 44,50

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla $\frac{1}{2}$ " – $\frac{3}{4}$ "	kr. 251 pr. mán.
Fyrir mæla 1" – $2\frac{1}{2}$ "	kr. 1.140 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 2.315 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir Skv og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

Skv hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir Skv.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" – 2¹/₂" mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni Skv skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Skagafjarðarveitna ehf., staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis 1053, 14. desember 2004, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
610	20. júní	Auglýsing um útflutningshlutfall kindakjöts 2005-2006	1316
611	13. júní	Reglur um breytingu (24) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands	1317-1318
612	20. júní	Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu	1318-1344
613	13. júní	Samþykkt um kattahald í þéttbýli í Rangárþingi y ra	1345-1346
614	23. júní	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004, með síðari breytingum	1346-1347
615	20. júní	Gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey	1347
616	16. júní	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vesturvör 13, Kópavogi	1347
617	22. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995 með síðari breytingum	1348-1349
618	27. júní	Auglýsing um afnám línuívilnunar í ýsu	1349
619	27. júní	Gjaldskrá Skagafjarðarveitna ehf. Hitaveita	1350-1352

